


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Gólfefni







FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
15. ágúst 2012
190. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Vilja hækka eftirlaunaaldur

**Viðræður standa yfir um að breyta opinbera lífeyriskerfinu. Vilji er til að hækka eftirlaunaaldur úr 65 í 67 ár og breyta áunnum réttindum í takt við almenna lífeyriskerfið. Ríkið mun greiða bætur fyrir breytingarnar.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld hafa átt í viðræðum við stéttarfélög opinberra starfsmanna um stórtækar breytingar á lífeyriskerfi þeirra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er meðal annars rætt um að hækka eftirlaunaaldur þeirra úr 65 árum í 67 ár og breyta áunnum lífeyrisréttindum á þann veg að þau verði línuleg, líkt og er í almenna kerfinu. Gangi þetta eftir mun ríkissjóður greiða háa upphæð í bætur inn í opinbera kerfið, enda ljóst að lífeyriskjör opinberra starfsmanna myndu skerðast til lengri tíma frá því sem nú er.

**57,4** milljarða halli er á A-deild Lífeyrissjóðs starfamanna ríkisins.

Viðræðurnar hafa staðið yfir um nokkurt skeið og eru á viðkvæmu stigi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Gangi þær eftir mun frumvarp um breytingar á kerfinu verða lagt fram í haust.

Ef samningsviðræðurnar skila þeim árangri sem vonast er til mun það leiða til þess að eitt lífeyrissjóðakerfi verður í landinu í stað tveggja eins og nú er. Þá myndi ríkja jöfnuður á milli þeirra sem greiða í lífeyrissjóð.

Nú er staðan hins vegar sú að komi í ljós við tryggingafræðilega athugun að iðgjald sjóðsfélaga hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) dugar ekki til greiðslu á skuldbindingum skuli framlag launagreiðenda hækka í samræmi við þá athugun. Sá launagreiðandi er ríkið og því er í reynd ríkisábyrgð á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna.

Hallinn á A-deild LSR nam 57,4 milljörðum króna um síðustu áramót. Hann jókst um rúmlega tíu milljarða króna á síðasta ári. Því er ljóst að A-deildin, sem sett var á fót árið 1997, er ekki sjálfbær. Auk þess þyrfti að setja um 17 milljarða króna inn í B-deild sjóðsins til þess að hún gæti staðið við skuldbindingar sínar.

- þsj / sjá Markaðinn



## Tónlist og vísindi

*Biophiliu-kennslusmiðjur byrja í grunnskólum Reykjavíkur í haust.*

tímamót 16

## Game Tíví komið heim

*Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson snúa aftur á Popptíví með Game Tíví.*

popp 30



## Vill fá sigur í kvöld

*Lars Lagerbäck vonast eftir sigri í fyrsta leiknum með landsliðinu í kvöld.*

sport 27

## veðrið í dag




**HLÝJAST N- OG** NA-til Í dag verður hæg breytileg átt eða hafgola en hvassara allra syðst. Skúrir V-til, súld allra austast, annars fremur skýjað og úrkomulítið. Hiti á bilinu 12-22°C, svalast SA-til.

VEÐUR 4



**SVIÐIN JÖRÐ** Um fimm þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna skógareldanna í Miklakonungsdal á eyjunni La Gomera. Meira en fjögur þúsund hektarar af landi hafa orðið eldinum að bráð, þar á meðal fágæt náttúruverndarsvæði. „Ástandið er hrikalegt,“ segir Vera Asscheman, íbúi á eyjunni. **Sjá síðu 4**

NORDICPHOTOS/AFP

Klassík í Borgarleikhúsinu

## Mýs og menn jólasýningin

**MENNING** **Leikrit eftir skáldsögunni sígildu Mýs og menn verður frumsýnt á fjölum Borgarleikhússins þann 29. desember næstkomandi.**



ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR

**Jón Páll Eyjólfsson leikstýrir verkinu en Ólafur Darri Ólafsson og Hilmar Guðjónsson fara með hlutverk vinanna Lennie og George.**

**Það kemur í hlut Álfrúnar Örnólfsdóttur að fara með eina kvenhlutverkið, en bæði Ólafur Darri og Álfrún skrifuðu nýlega undir samning við leikhúsið.**

**Álfrún segist vera spennt fyrir að vinna með strákunum.**

**„Ég mæti með næga kvenorku til að vega upp á móti þeim,“ segir hún.**

**„Persónan mín er ánægð með að vera eina konan á svæðinu og nýtir sér kynferðislegu athyglina sem hún fær. Ég er alls ekki mikill daðrari í mér sjálf en það sem er svo skemmtilegt við þetta starf er að fá að túlka persónu sem er svo ólík manni sjálfum.“**

- trs / sjá síðu 30

Skjólstæðingar umboðsmanns skuldara of tekjuháir fyrir félagslega kerfið:

# 10% skjólstæðinga missa húsið

**EFNAHAGSMÁL** Um tíu prósent þeirra sem gert hafa samninga með aðstoð umboðsmanns skuldara hafa misst húsnæði sitt vegna greiðsluerfiðleika. Stór hluti þeirra er of tekjuhár til að vera gjaldgengur í félagslegt stuðningskerfi sveitarfélaga.

Embættið hefur haft milligöngu um 1.024 samninga. Farið hefur verið yfir 619 samninga og af þeim eru 62 fasteignir þegar komnar á sölu, eða um tíu prósent.

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi umboðsmanns skuldara, segir að fleiri af þeim sem leitað hafa til embættisins gætu verið í þeirri stöðu að hafa misst húsnæðið. Þessar tölur eigi við um þá sem fengið hafa samning, en um tíu prósentum beiðna sé synjað.

„Þó flestir sem þurfa að selja fasteign geri það, þar sem þeir hafa ekki greiðslugetu eftir að búið er að taka tillit til framfærslu fjölskyldu, er stór hópur með of miklar tekjur til að fá aðstoð frá félagslegu kerfi sveitarfélaganna.“

Gunnar Axel Axelsson, aðstoðarmaður velferðarráðherra, segir að hluti hópsins teljist undir tekjumörkum sveitarfélaga varðandi húsnæðisstuðning. Hann segir að innleiðing húsnæðisbóta í stað vaxta- og húsaleigubóta yrði mjög til bóta.

„Þeir sem skríða yfir lágtekjumörkin en hafa ekki burði til að kaupa húsnæði fá engar húsnæðisbætur. Þessu stendur til að breyta með nýju húsnæðisbótakerfi.“

- kóp / sjá síðu 8









## SPURNING DAGSINS



*Alexander, er Hótel Mamma að opna útibú í London?*

Já, fyrst Tommi er að fara að opna Hamborgarabúlluna í London, ættu allir að prófa það.

Ungstirnið Alexander Briem heldur utan til London í haust þar sem hann mun nema leiklist. Foreldrar hans flytja út með honum.

„Svona er sumarið“ er þema síðustu sumarljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins:

# Sumarlegt þema í samkeppni

**SAMKEPPNI** Þema fjórðu og síðustu ljósmyndakeppninnar sem Fréttablaðið stendur fyrir í sumar er „Svona er sumarið“. Fréttablaðið vonast eftir myndum frá þátttakendum sem endurspegla á sem fjölbreytilegastan hátt sumarið sem er að líða. Skilafrestur fyrir sumarmyndirnar er 22. ágúst en myndir skal senda á netfangið Ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is.

Besta myndin birtist á forsíðu Fréttablaðsins og höfundur hennar fær einnig tvo farmiða með Wow-air. Í önnur og þriðju verðlaun eru gjafakort í Borgarleikhúsið.

Um síðustu helgi voru úrslit kunngjörð í þriðju ljósmyndasamkeppni sumarsins. Þemað var Náttúran og komu fyrstu verðlaun í hlut Guðmundar Árnasonar. **-kg**



**NÁTTÚRAN** Ljósmynd Guðmundar Árnasonar af sandlóuunga á Grenivík var vinningsmynd þriðju sumarljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. MYND/GUÐMUNDUR ÁRNASON

Veðri og sjólagi miðlað:

# Ætla að auka öryggi á sjó

**MIÐLUN** Siglingastofnun Íslands hefur nú aukið við upplýsingakerfi um veður og sjólag og framsetning gagna jafnframt gerð aðgengilegri. Tilgangur upplýsingakerfisins er að auka öryggi sjófarenda og svala forvitni annarra sem hafa not fyrir upplýsingarnar.

Aðgang má finna á slóðinni Sigling.is/vs. Þar er að finna mælingar sem lýsa ástandi veðurs og sjávar á tilteknum stöðum á tilteknum tíma og spár sem meta líklega þróun veðurs og sjávar fram í tímann. **- shá**



**TÓLF Á MAKRÍL** 400 tonn hafa veiðst af makríl á tólf smábáta.

Veiðin þegar meiri en í fyrra:

# Tólf smábátar á makrílveiðum

**SJÁVARÚTVEGUR** Nú stunda tólf bátar krókaveiðar á makríl en það sem af er vertíð hafa verið veidd um 400 tonn, sem er þriðjungi meira en veitt var á allri vertíðinni í fyrrasumar.

Á heimasíðu Landssambands smábátaeigenda segir að nokkuð sé í land að krókabátar flykkist á makrílveiðar; veiðarnar séu enn á tilraunastigi og stofnkostnaður mikill.

Þar segir jafnframt að eftir nokkru sé að slægjast því verðmætasti makríllinn sé veiddur á króka af smábátum. Ástæðan sé að gæði hans séu meiri en þegar hann er veiddur í troll og skili því hærra afurðaverði. **- shá**

Jökulár með öllu ófærar:

# Jeppi fastur í Vestari-Jökulsá

**ÖRYGGISMÁL Miklir vatnavextir undanfarna daga hafa þýtt að flestar jökulár eru með öllu ófærar. Flugbjörgunarsveitin Varmahlíð og Skagfirðingasveit fengu útkall á mánudagskvöld þar sem beðið var um aðstoð vegna jeppa sem var fastur í sandbleytu í Vestari-Jökulsá norðan Hofsjökuls. Jeppinn var vel útbúinn og í samfloti við annan. Þurfti tvo bíla til að spila hann upp en erfitt var að komast að honum vegna vatnavaxta.**

**Gekk verkið ágætlega og voru björgunarmenn komnir til byggða um klukkan þrjú um nóttina.** **- shá**

# Akranesviti orðinn klár menningarviti

**Boðið er upp á tónlistarviðburði og fleiri listasamkomur í Akranesvita sem hefur vísað sjófarendum leið í 65 ár. Þar fara fram upptökur á tónlistarviðburðum enda á hljómburðurinn þar að vera álíka þeim í Pétursdkirkju í Róm.**

**MANNLÍF** Frá því í mars hefur almenningi staðið til boða að koma við og virða fyrir sér Faxaflóann og fögur fjöll úr Akranesvita. Ekki hefur staðið á gestunum en einir 2.314 hafa skráð sig í gestabókina.

Það stendur þó meira til boða en útsýnið því félagar í Félagi áhugaljósmyndara á Akranesi hafa bryddað upp á tónlistaruppákomum í vitanum og svo eru þar settar upp ljósmynda- og myndlistarsýningar. Félagið sér um gæslu vitans.



**HILMAR SIGHVATSSON**

„Sú þekktasta sem hefur stigið á svið hjá okkur er Andrea Gylfa,“ segir Hilmar Sighvatsson, einn forsvarsmanna félagsins. „Það fer vel á því að blúsa svolítið við hafið bláa,“ segir hann kankvís. „Menn eru býsna ánægðir með hljómburðinn. Reyndar hefur Lárus Sighvatsson, skólastjóri tónlistarskólans hérna, sagt að hann sé álíka og hljómburðurinn í Péturskirkjunni í Róm.“

Til að sem flestir fái að njóta hljómburðarins hefur Hilmar tekið tónlistarflutninginn upp og má heyra og sjá upptökur frá mörgum þeirra á fésbókarsíðu Akranesvita. „Þetta hefur aðallega verið tónlistarfólk frá Akranesi, til dæmis kom þjóðlagasveit tónlistarskólans hingað og ég er búinn að hengja mig á fleiri tónlistarmenn en svo viljum við endilega fá fleira fólk úr bransanum.“

Reyndar standa þarna tveir vitar skammt hvor frá öðrum en sá gamli, sem reistur var 1918, má muna sinn fífil fegurri. „Það stendur þó til bóta því nú á næstu dögum, að mér skilst, verður hafist handa við að taka hann í gegn,“ segir Hilmar. Nýrri vitinn var tekinn í notkun árið 1947 og lætur enn þá ljós sitt skína. Þó svo að örlög hans séu fyrst og fremst að vísa sjófarendum leið segir Hilmar grínaktugur að í hugum Akurnesinga sé þetta orðinn hreinn og klár menningarviti.

jse@frettabladid.is





**ÞJÓÐLAGASVEITIN Í VITANUM** Hérna eru þau Ása Katrín Bjarnadóttir og Skúli Ragnar Skúlason, úr Þjóðlagasveit Tónlistarskólans á Akranesi, að strjúka strengi fyrir vitagesti. MYND/FINNUR ANDRÉSSON

> Menn eru býsna ánægðir með hljómburðinn, reyndar hefur Lárus Sighvatsson, skólastjóri tónlistarskólans hérna, sagt að hann sé álíka hljómburðinum í Péturskirkjunni í Róm.
>
> **HILMAR SIGHVATSSON**
> ÚR FÉLAGI ÁHUGALJÓSMYNDARA Á AKRANESI



**MARS** Eitt og annað á Mars minnir á jörðina í árdaga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eins og á jörðinni í árdaga:

# Myndir sýna flekarek á Mars

**VÍSINDI Nú virðist sannað að flekaskil finnast á reikistjörnunni Mars, en vísindamenn töldu lengi vel að þau fyndust aðeins hér á jörð í sólkerfi okkar. Vísindamenn við UCLA-háskólann í Bandaríkjunum hafa fundið vísbendingar um þetta náttúrufyrirbæri á gervihnattamyndum af stjörnunni rauðu.**

**Þessi uppgötvun er talin sýna hvernig landrek hófst á jörðinni í árdaga, segir An Yin prófessor, höfundur rannsóknarinnar, í frétt á BBC.** **- shá**

Með allt á hreinu 30 ára:

# Stuðmenn með fleiri tónleika

**MENNING** Stuðmenn hafa bætt við enn einum aukatónleikum, þann 6. október, í Hörpu í tilefni af því að þrjátíu ár eru liðin frá því að kvikmyndin Með allt á hreinu var frumsýnd.

Upphaflega stóð til að halda eina tónleika, þann 5. október, en miðarnir á þá seldust upp á mettíma, sem og aukatónleika sama dag. Því hefur verið gripið til þess ráðs að halda þriðju tónleikana.

Fjölmargir listamenn munu stíga á svið með Stuðmönnum, meðal annars gestasöngvarar sem ekki hafa áður komið fram með hljómsveitinni. **- ktg**




Sælutilboð

Njóttu sveitasælunnar – **kynntu þér tilboðin á hotelork.is**

**HÓTEL ÖRK**

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði / www.hotelork.is / info@hotel-ork.is / sími: 483 4700


Boðið verður upp á 350 viðburði á menningarnótt:

# Miðbærinn verður göngugata

**MENNING** Menningarnótt hefst á laugardaginn og verða yfir 350 viðburðir í boði víðs vegar um borgina af því tilefni. Dagskrá menningarnætur var kynnt á blaðamannafundi á Kexi hosteli í gær.

Margir viðburðanna byrja strax um tíuleytið um morguninn en Jón Gnarr borgarstjóri mun setja menningarnótt formlega á útisviði í Hljómskálagarðinum klukkan 12.30.

Forsvarsmenn menningarnæturleggja þunga áherslu á að fólk skilji einkabílinn eftir heima á laugardaginn. Miðborgin verður ein allsherjar göngugata og flestar götur lokaðar fyrir bílaumferð.

„Það er skemmtileg staðreynd að menningarnótt er 17 ára í ár og gæti tekið bílpróf. Við mælum samt með því að hún geri það ekki og bjóðum öllum ókeypis í strætó,“ sagði Jón Gnarr borgarstjóri við tilefnið.

Menningarnótt mun ljúka að venju með flugeldasýningu en frekari upplýsingar um dagskrána má finna á síðunni menningarnott.is.

Fyrir þá sem ekki eiga heimangengt verður hátíðahöldunum sjónvarpað um allt land á rás 196 í Vodafone Sjónvarpi og í gegnum Digital Ísland. **- ktg**



**BLAÐAMANNAFUNDUR** Jón Gnarr borgarstjóri, Stefán Eiríksson lögreglustjóri og Jón Viðar Mattíasson slökkviliðsstjóri fóru yfir helstu öryggisatriði fyrir menningarnótt sem fram fer á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Vertu snjallari með Nova!
Magnað tilboð á iPhone 3GS hjá Nova!
1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir iPhone 3GS!
DAGUR & STEINI
Frábært tækifæri til að eignast þinn fyrsta iPhone – félaga sem gerir lífið skemmtilegra.
iPhone 3GS er ofur-snjallsími með aðgang að App Store þar sem þú getur valið úr meira en 500 þúsund „öppum“. Skelltu þér á snjallsímann sem allir hinir vildu líkjast.
iPhone 3GS 8 GB
49.990 kr. stgr.
2.990 kr. á mán. í 18 mán.
1.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir!
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA
Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter
Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 14.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,22 | 119,78 |
| Sterlingspund | 187,17 | 188,07 |
| Evra | 147,29 | 148,11 |
| Dönsk króna | 19,784 | 19,9 |
| Norsk króna | 20,16 | 20,278 |
| Sænsk króna | 17,847 | 17,951 |
| Japanskt jen | 1,5173 | 1,5261 |
| SDR | 180,04 | 181,12 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
206,881

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrsla Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna um útbreiðslu HIV-veirunnar:

# „Sænska leiðin“ hefur ekki skilað árangri

**ÞJÓÐFÉLAGSMÁL** Tilraun sænskra stjórnvalda til að stemma stigu við vændi með því að gera kaup á kynlífsþjónustu refsiverð hefur ekki skilað tilætluðum árangri, hvorki í baráttu gegn mansali né gegn útbreiðslu HIV-veirunnar. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sem kynnt var á ráðstefnu í Washington í síðasta mánuði.

Skýrslan ber yfirskriftina HIV og löggjöf – Áhættur, réttindi og heilsa, er unnin af sérstakri nefnd sem Fernando Cardoso, fyrrum forseti Brasilíu, fer fyrir. Takmarkið var að bregða upp raunhæfri mynd af ástandi mála og koma með tillögur í baráttu alþjóðasamfélagsins gegn HIV.



**NÝJAR AÐFERÐIR** Í skýrslu SÞ er mælst til þess að lagarammi vegna sölu á kynlífi verði endurskoðaður þar sem núverandi lög skili ekki árangri. NORDICPHOTOS/AFP

Þar segir í einum kafla að með strangri löggjöf þar sem kaup og sala vændis sé refsiverð sé staða þess sem selur kynlífsþjónustu oft afar slæm. Fólk í þeirri stöðu geti ekki snúið sér til lögreglu og er jafnvel ofsótt af lögreglu, sem verður til þess að kynlífsiðnaðurinn verði enn frekar dulinn.

Í umfjöllun um „sænsku leiðina“, sem er í gildi hér á landi og víðar, segir að slíkt fyrirkomulag hafi engu skilað, þar sem tíðni vændis hefur ekki minnkað og ofbeldi og mansal milli landa hafi aukist. Á móti hafi sárafáir hlotið dóma fyrir kaup á vændi.

Mælast höfundar skýrslunnar til þess að lög sem banni vændi verði afnumin. Í stað þeirra verði gerður greinarmunur á þeim sem þvinga fólk út í vændi og hins vegar þeim sem selja vændi af frjálsum vilja. Löggæsla skuli leggja áherslu á að uppræta fyrri hópinn, en aðstæður hinna síðarnefndu verði bættar með aukinni heilsugæslu og félagslegri þjónustu. - þj



**EYÐILEGGING** Átökin í borginni Amiens voru mjög hörð eins og sjá má. NORDICPHOTOS/AFP

Óeirðir í Frakklandi:

## Lögreglan slóst við ungmenni

**FRAKKLAND, AP** **Upp úr sauð á mánudagskvöld eftir margra mánaða spennu milli lögreglu og ungmenna í norðanverðu Frakklandi í borginni Amiens, þar sem fátækt er útbreidd.**

**Tugir ungmenna slógust af mikilli hörku við lögregluna mestalla nóttina, en enginn var þó handtekinn. Ungmennin notuðu bæði haglabyssur og flugelda.** - gb

### LÖGREGLUMÁL

**Ók undir áhrifum fíkniefna**

Lögreglunni barst tilkynning um ökumann í annarlegu ástandi síðdegis á mánudag. Hann var stöðvaður í austurborginni og fluttur á lögreglustöð til frekari rannsókna. Reyndist hann undir áhrifum fíkniefna. Hann var látinn laus að lokinni sýnatöku.

### LEIÐRÉTT

Þau mistök urðu í Fréttablaðinu í gær að sagt var að eigið fé Hörpu dygði fyrir rekstrinum að óbreyttu fram á mitt ár 2013. Hið rétta er að það á við um handbært fé. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Fjöldi dýra drepist í Miklakonungsdal

**Ekki hefur tekist að slökkva skógarelda sem geisa á eyjunni La Gomera, sem er ein Kanaríeyjanna. Fjöldi dýra sem eru innlyksa í djúpum dal hefur drepist. Íbúi eyjarinnar segir að ferðaþjónustan, lifibrauð eyjaskeggja, sé í húfi.**

**SPÁNN** „Ástandið er hrikalegt,“ segir Vera Asscheman, íbúi á spænsku eyjunni La Gomera, einum af Kanaríeyjum. Þar hafa skógareldar logað í níu daga og ekki sér fyrir endann á þeim. „Slökkviliðsmenn voru að segja að þeir muni ekki ráða niðurlögum eldanna næsta sólarhringinn,“ segir hún.



**VERA ASSCHEMAN**

Asscheman býr í höfuðstað eyjarinnar, San Sebastian, sem er ekki langt frá eldunum.

Helsti vandinn er sá að mestu eldarnir eru í dalnum Valle Gran Rey, eða Miklakonungsdal, en hann er djúpur og einungis einn vegur liggur í hann. „Eins og gefur að skilja er sá vegur lokaður og eina leiðin sem menn hafa til að komast að eldinum er úr lofti. Síðan kom sú staða upp fyrir tveimur dögum að menn þóttust hafa slökkt eldana svo slökkviliðsflugvélarnar voru sendar til meginlands Spánar. En þá gerði mikið rok og eldur kom upp á nýjan leik og þá tók það heilan sólarhring að fá vélarnar aftur á svæðið. Svo þetta var mjög misráðið.“

Það hefur þurft að flytja um fimm þúsund manns sjóleiðina úr dalnum. „Það hafa ekki orðið slys á fólki svo ég viti en í þessum dal er nokkuð dýralíf, þar eru til dæmis margar geitur. Þar að auki eru margir með nokkuð af skepnum í þar til gerðum görðum og búrum svo þetta er mikill harmleikur fyrir marga og að sjálfsögðu er mjög þungt yfir fólki hér í bænum.“

Íbúar á La Gomera hafa lifibrauð sitt af ferðamennsku og segir Asscheman fólk hafa miklar áhyggjur af afleiðingum skógareldanna til lengri tíma. „Hér kemur fólk aðallega til þess að njóta fallegrar náttúru. Ég settist hér að fyrir fimmtán árum og það sem heillaði mig mest var náttúrufegurðin. En það er ekki við því að búast að margir leggi leið sína hingað til að njóta náttúrufegurðinnar eftir þennan harmleik svo við höfum öll áhyggjur af lifibrauðinu.“

Hún sagðist ekki vita af neinum Íslendingum sem væru þar á ferð. „En ég veit að þeir hafa verið fjölmennir hér svo það kæmi mér ekki á óvart,“ segir hún.

jse@frettabladid.is



**SVIÐIN JÖRÐ Í MIKLAKONUNGSDAL** Sjór og há fjöll girða dalinn af svo þar leikur eldurinn lausum hala. NORDICPHOTOS /AFP

> Það er ekki við því að búast að margir leggi leið sína hingað til að njóta náttúrufegurðinnar eftir þennan harmleik svo við höfum öll áhyggjur af lifibrauðinu.
>
> **VERA ASSCHEMAN**
> ÍBÚI Á SPÆNSKU EYJUNNI LA GOMERA



**TILBÚIN** Myndin er úr safni þar sem leit á vegum Landsbjargar er skipulögð. MYND/ANNA

Gaf sig fram við lögreglu:

## Kona talin týnd og leit hófst

**ÖRYGGISMÁL** Björgunarsveitir frá Akranesi og Borgarfirði voru kallaðar til leitar í gær að ferðamanni sem saknað var við Glym í Hvalfirði. Einnig fór björgunarsveitafólk af höfuðborgarsvæðinu á staðinn. Konan varð viðskila við hóp sem gekk upp með fossinum.

Konan kom í leitirnar síðdegis, heil á húfi, en hún gaf sig fram við lögreglu. Hafði hún gengið frá hópnum sem hún tilheyrði til að njóta umhverfisins á eigin spýtur og félagar hennar tekið að óttast um hana. Kölluðu þeir því eftir aðstoð. - shá

### LÖGREGLUMÁL

**Braut gegn valdstjórninni**

Innbrotsþjófur verður kærður fyrir brot gegn valdstjórninni fyrir að veita mikinn mótþróa við handtöku. Maðurinn var handtekinn aðfaranótt þriðjudags en reyndi að sparka og hrækja á lögreglumenn við handtöku.

**Á tvöföldum hámarkshraða**

Ökumaður var stöðvaður aðfaranótt þriðjudags þegar hann ók á 105 kílómetra hraða á svæði þar sem hámarkshraði er 50. Hann var grunaður um að vera undir áhrifum fíkniefna og var fluttur á lögreglustöð til rannsókna og látinn laus eftir það.





BÓKABÚÐ FORLAGSINS

Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA
kl. 10–18
OG LAUGARDAGA
kl. 10–14

FORLAGIÐ

Kaffi á könnunni og næg bílastæði


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**YFIRLEITT HLÝTT**
Hitanum verður aðeins misskipt næstu daga, horfur eru á kringum 20°C víða SV- og N-til en það kólnar heldur á Vestfjörðum. Vindur verður þó almennt hægur og þó einhver úrkoma reiknist í flestum landshlutum þá lítur ljómandi vel út með veðrið næstu daga!




Á MORGUN
5-15 m/s
Hægast NA-til.

FÖSTUDAGUR
3-8 m/s en hvassara SA-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 24° |
| Mallorca | 31° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 23° |
| París | 29° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

ÍSLENSKI BÓNUSPOTTURINN STEFNIR Í 45 MILLJÓNIR!

**ÞREFALDUR ★★★ FYRSTI VINNINGUR**

# 1500 MILLJÓNIR



**400.000.000**
**+1.100.000.000**

## ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 1.500.000.000

Þrefaldur fyrsti vinningur stefnir í 400 milljónir, Ofurpotturinn í 1.100 milljónir og Íslenski bónuspotturinn í 45 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 15. ÁGÚST 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú orðið fyrir einelti?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 58,5% |
| NEI | 41,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú sótt síðsumars-útsölurnar?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Fyrrverandi forsætisráðherra Sýrlands hvetur fleiri ráðamenn til að flýja:

# Segir stjórnina í Sýrlandi að falli komna

**SÝRLAND, AP** „Stjórnin er að falli komin, bæði siðferðislega og efnahagslega, fyrir utan þá bresti sem komnir eru í herinn,“ sagði Riad Hijab, fyrrverandi forsætisráðherra Sýrlands, á blaðamannafundi í Jórdaníu í gær.

Þetta var í fyrsta sinn sem hann tjáði sig opinberlega eftir að hann gekk til liðs við uppreisnarmenn í síðustu viku.

Hann hvatti fleiri sýrlenska ráðamenn til þess að forða sér og ganga til liðs við uppreisnarmenn.

„Sýrland er krökkt af heiðvirðum embættismönnum og herforingjum sem bíða færis til að ganga til liðs við byltinguna,“ sagði Hijab, sem er æðsti embættismaður landsins sem flúið hefur land.

Hann var þó aðeins þrjá mánuði í embætti forsætisráðherra og hafði aldrei verið í innsta hring stuðningsmanna Bashars al Assad forseta.

„Ég hafði engin völd til að stöðva ranglætið,“ sagði hann á blaðamannafundinum. Uppreisnarmenn í landinu segja að átökin þar hafi kostað meira en tuttugu þúsund manns lífið frá því þau hófust snemma á síðasta ári.

Sameinuðu þjóðirnar telja að um 2,5 milljónir Sýrlendinga hafi orðið fyrir tjóni af völdum átakanna í landinu, ýmist særst, hrakist að heiman eða búi við skort á helstu lífsnauðsynjum. - gb



**RIAD HIJAB** Forsætisráðherrann fyrrverandi gekk til liðs við uppreisnarmenn þann 6. ágúst og segir að stjórnin sé að falli komin. NORDICPHOTOS/AFP

Norska þingið kallað saman:

## Krafist afsagnar Stoltenbergs

**NOREGUR, AP** Vaxandi þrýstingur er á Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, eftir að hörð gagnrýni kom fram á frammistöðu norsku lögreglunnar daginn sem Anders Behring Breivik myrti 77 manns í Ósló og í Útey fyrir ári.



**JENS STOLTENBERG**

Í skýrslu rannsóknarnefndar kemur fram að lögreglan hafi brugðist seint og illa við þegar tilkynningar bárust henni um atburðina.

Eitt stærsta dagblað Noregs, VG, skorar á Stoltenberg að segja af sér, þar sem hann beri á endanum ábyrgð á mistökum lögreglunnar. Þá hafa leiðtogar stjórnarandstöðunnar fengið því framgengt að þjóðþingið verður kallað saman á næstunni til að ræða skýrsluna. - gb

Hafnarfjörður breytir reglum:

## Aukið aðgengi að upplýsingum

**HAFNARFJÖRÐUR Fundargerðir Hafnarfjarðarbæjar munu nú innihalda frekari upplýsingar um þær ástæður sem liggja að baki ákvörðunum nefnda og ráða í einstökum málum. Bæjarráð samþykkti þessa breytingu um birtingu gagna með fundargerðum þann 9. ágúst síðastliðinn.**

**Tilgangur reglnanna er að bæta aðgengi að upplýsingum og auka gagnsæi í ákvarðanatöku. Einnig til að tryggja að birting gagna sé byggð á málefnalegum forsendum, en ekki á óskilgreindum, handahófskenndum ákvörðunum, eins og fram kemur í tilkynningu.** - sv

# Unnið að hættumati vegna eldgosa í byggð

**Undirbúningur við gerð frekara hættumats vegna eldgosa á byggðum svæðum á Suðurlandi er hafinn. Fjölmargir aðilar koma að verkefninu. Heildarkostnaður hleypur á hundruðum milljóna og kemur féð að hluta úr Ofanflóðasjóði.**

**ÖRYGGISMÁL** Undirbúningur er hafinn við gerð frekara hættumats vegna eldgosa víðs vegar á Suðurlandi. Næstu þrjú ár leggur Ofanflóðasjóður 34 milljónir króna árlega í vinnuna, sem verður unnin af almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, Veðurstofunni, Háskóla Íslands, Landlækni og fleiri aðilum.



**VÍÐIR REYNISSON**

Búið er að setja saman vinnuhópa vegna verkefnisins, en Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, segir málið það umfangsmikið að eiginleg vinna sé ekki hafin enn.

Áhersla verður lögð á hættumat á Reykjanesi, höfuðborgarsvæðinu, Vestmannaeyjum, byggð svæði norðan Vatnajökuls, Bárðarbungu og Öræfajökuls.

„Þetta eru nokkur svæði sem geta verið í bráðri hættu ef það fer að gjósa,“ segir Víðir.

Áætlunin gerir ráð fyrir að unnið verði að fjórum verkefnum á næstu þremur árum: úttekt á þekkingu á íslenskum eldstöðvum, forgreiningu á áhættu vegna flóða samfara eldgosum, forgreiningu á sprengigosum á Íslandi og forgreiningu á eldgosum sem valdið geta miklu eignatjóni, það er eldgosum nálægt þéttbýli og alþjóðlegum flugvöllum á Íslandi. Víðir segir ljóst að heildarkostnaður verkefnisins hlaupi á hundruðum milljóna króna.



**ELDGOSIÐ Á FIMMVÖRÐUHÁLSI** Hér sést bjarminn frá eldstöðvunum á Fimmvörðuhálsi að baki Réttarfells. Fyrir liggur hættumat vegna Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls, sem mun nýtast við vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**102** Ofanflóðasjóður leggur fram 102 milljónir alls við gerð hættumats vegna eldgosa næstu þrjú árin.

Almannavarnir annast framkvæmd viðbragðsáætlanakerfis en kerfið byggir á hættumati hvers staðar og verður unnið í samvinnu við heimamenn.

„Við höfum lagt áherslu á nokkra staði þar sem menn telja hættuna meiri en annars staðar,“ segir Víðir. „Það eru mest fjöll undir jöklum og þar sem flóðahætta er. Við reiknum með að leggja fram fyrstu tillögur fyrir áramót.“

Hagsmunaaðilar innan samgöngu- og orkugeirans taka þátt í fjármögnun verkefnisins næstu þrjú ár, auk Ofanflóðasjóðs. Hinn 28. febrúar síðastliðinn samþykkti Alþingi breytingar á lögum um sjóðinn, sem gerir honum kleift að taka þátt í fjármögnun hættumats vegna íslenskra eldfjalla samhliða styrkjum til sveitarfélaga vegna framkvæmda við ofanflóðavarnir.

Undirbúningur fyrstu tveggja verkefnanna hófst síðastliðið haust og er hann vel á veg kominn. Undirbúningur vegna vinnu við seinni verkefnin tvö mun hefjast í haust.

sunna@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is

Slys á Hvolsvelli:

## Barn klemmdist milli dráttarvélar og húsveggs

**SLYS Barn klemmdist á milli dráttarvélar og húsveggs nærri Hvolsvelli á sunnudag. Barnið missti meðvitund í stutta stund en meiðsli þess munu vera minniháttar. Þetta kemur fram í dagbók lögreglunnar.**

**Þar kemur líka fram að á föstudag féll kona af hestbaki í Húsadal og brotnaði illa, meðal annars á handlegg. Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti konuna og flutti til aðhlynningar á sjúkrahús í Reykjavík.**

**Sama dag féll kona í Galtalækjarskógi og var flutt með sjúkrabifreið til aðhlynningar. Hún er ekki talin hafa slasast alvarlega.** - jhh

Leitin að Sigrid Schjetne:

## Fundu 5 kíló af eiturlyfjum

**NOREGUR** Þótt leitin að hinni sextán ára gömlu Sigrid Schjetne í Ósló hafi ekki skilað tilætluðum árangri hefur hún ekki verið til einskis. Sigrid hefur verið saknað frá því aðfaranótt sunnudagsins í síðustu viku. Við leit að henni fundust fimm kíló af fíkniefnum sem eru tugmilljóna virði, að því er segir í norska blaðinu VG.

„Ég get staðfest að það fundust um fimm kíló af ætluðum fíkniefnum. Við rannsökum málið á hefðbundinn hátt,“ segir Hege Naustdal, yfirlögregluþjónn við VG.

Sigrid er ennþá týnd en lögreglan hefur fengið yfir 1000 vísbendingar um hvarf hennar. Talið er mjög líklegt að hvarf hennar hafi borið að með saknæmum hætti. - jhh



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Gerðu góð kaup í notuðum gæðabíl hjá HEKLU

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**VW Passat** Highline Ecofuel
Árg. 2011, bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 8.000 km. Verð **4.490.000**



**VW Tiguan** Sport&style
Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn 107.000 Verð **3.750.000**



**VW Golf** Trendl. 1,4
Árg. 2010, bensín, beinsk.
Ekinn 42.000 Verð **2.690.000**



**VW Jetta** Comfortl 1,6
Árg. 2009, bensín, beinsk.
Ekinn 62.000 Verð **2.290.000**



**VW Jetta**
Árg. 2006, bensín, beinsk.
Ekinn 75.000 Verð **1.890.000**



**VW Passat** 2.0 Highline
Árg. 2007, bensín, sjálfsk.
Ekinn 51.100 Verð **2.650.000**

**BÍLL VIKUNNAR**



## Audi A5 Sportb. 2.0 Quattro

Árg. 2011, bensín ekinn 7.000 km, sjálfsk. **Ásett verð 8.990.000,-**



**BÍLL VIKUNNAR**

## MM Pajero Instyle

Árg. 2007, bensín ekinn 104.000 km, sjálfsk. **Ásett verð 4.490.000,-**



**Tilboð kr. 1.690.000**

**MM Pajero** 3,5 GLS
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 179.000 Verð **2.540.000**



**VW Passat** 2,0 TDi
Árg. 2007, dísel, sjálfsk.
Ekinn 93.500 Verð **2.740.000**



**MM Pajero** 3,2 Intense
Árg. 2009, dísel, sjálfsk.
Ekinn 73.000 Verð **6.390.000**



**Tilboð kr. 2.390.000**

**MM Lancer** Invite
Árg. 2009, bensín, sjálfsk.
Ekinn 45.000 Verð **2.590.000**



**MM Outlander** Comfort
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 165.000 Verð **1.450.000**



**MM Lancer** 1,6 AT
Árg. 2004, bensín, sjálfsk.
Ekinn 178.000 Verð **680.000**



**BMW** 320 S/D E90
Árg. 2008, bensín, sjálfsk.
Ekinn 54.000 Verð **3.290.000**



**Hyundai Tucson**
Árg. 2008, bensín, beinsk.
Ekinn 73.000 Verð **2.350.000**



**Jeep Grand** Cherokee
Árg. 2003, bensín, sjálfsk.
Ekinn 172.000 Verð **990.000**



**Tilboð kr. 2.290.000**

**Kia Sportage**
Árg. 2006, bensín, sjálfsk.
Ekinn 71.000 Verð **2.550.000**



**Mazda** 6 Wagon Advance
Árg. 2008, bensín, sjálfsk.
Ekinn 134.000 Verð **2.490.000**



**M. Benz** C200 kompressor
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 129.000 Verð **2.390.000**



**Nissan X-Trail**
Árg. 2008, bensín, sjálfsk.
Ekinn 87.000 Verð **3.150.000**



**Nissan X-Trail**
Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn 102.000 Verð **3.290.000**



**Tilboð kr. 3.890.000**

**Nissan** Pathfinder 2500 SE
Árg. 2008, dísel, sjálfsk.
Ekinn 106.000 Verð **4.200.000**



**Opel Astra**
Árg. 2007, bensín, beinsk.
Ekinn 80.000 Verð **1.290.000**



**Tilboð kr. 2.590.000**

**Subaru** Impreza
Árg. 2008, bensín, sjálfsk.
Ekinn 60.000 Verð **2.990.000**



**Suzuki** Vitara Sport
Árg. 2009, bensín, beinsk.
Ekinn 50.000 Verð **3.490.000**



**7 manna**

**Toyota** Land Cruiser 120 LX
Árg. 2007, dísel, sjálfsk.
Ekinn 123.000 Verð **4.990.000**



**Toyota** Land Cruiser 200
Árg. 2009, dísel, sjálfsk.
Ekinn 110.000 Verð **10.990.000**



**Toyota** Hilux
Árg. 2008, dísel, beinsk.
Ekinn 125.000 Verð **3.890.000**



**Toyota** RAV4
Árg. 2010, bensín, sjálfsk.
Ekinn 64.000 Verð **4.390.000**



**Toyota** Land Cruiser 120 VX
Árg. 2007, dísel, sjálfsk.
Ekinn 116.000 Verð **5.590.000**



**Toyota** Avensis
Árg. 2007, dísel, sjálfsk.
Ekinn 232.000 Verð **1.490.000**



**Toyota** Land Cruiser 100 VX
Árg. 2006, bensín, sjálfsk.
Ekinn 128.000 Verð **4.890.000**



**7 manna**

**Toyota** Previa
Árg. 2003, bensín, sjálfsk.
Ekinn 162.000 Verð **1.790.000**



**Tilboð kr. 2.990.000**

**VW Touareg** V8
Árg. 2005, bensín, sjálfsk.
Ekinn 122.000 Verð **3.450.000**



**VW Sharan** TDi 1,9
Árg. 2008, dísel, beinsk.
Ekinn 81.000 Verð **2.990.000**



**VW Crafter** 35
Árg. 2008, dísel, beinsk.
Ekinn 150.000 Verð **2.950.000**



**Audi A6** 2,0T
Árg. 2007, bensín, sjálfsk.
Ekinn 59.000 Verð **4.390.000**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Allar nánari upplýsingar ásamt meira úrvali notaðra bíla er á heklanotadirbilar.is**

FRÉTTASKÝRING: Staða skjólstæðinga umboðsmanns skuldara

# Fjöldi leigjenda glímir við greiðsluvanda

**Alls hafa 62 fasteignaeigendur sem leitað hafa til umboðsmanns skuldara þurft að setja hús sín á sölu. 341 leigjandi hefur litla sem enga greiðslugetu að mati stofnunarinnar. Við það bætast 53 í félagslegu húsnæði.**




Fjöldi leigjenda er í vanda með að standa undir framfærslu sinni, samkvæmt upplýsingum frá umboðsmanni skuldara. Alls telur stofnunin að 341 leigjandi hafi litla sem enga greiðslugetu. Við það bætast 53 sem eru í félagslega leigukerfinu.

Svanborg Sigmarsdóttir, upplýsingafulltrúi umboðsmanns skuldara, segir að stofnunin reikni leiguverð inn í framfærslukostnað, en ekki afborganir á fasteignalánum. Svanborg segir því að fjöldi leigjenda í þessari stöðu sé því líklega aðeins ofmetinn.

„Megnið af leigjendum er á mörkum þess að vera undir framfærsluviðmiðum. Ef þeir spara í matarinnkaupum tekst þeim að halda sér fyrir ofan mörkin.“

Umboðsmaður varaði við því í vor að um 200 fjölskyldur gætu misst húsnæði sitt vegna greiðsluvanda. Fundað hefur verið með velferðarráðherra og stærstu sveitarfélögunum um málið. Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um fjölda þeirra sem leitað hafa til umboðsmanns skuldara en misst húsnæði sitt.

Stofnunin hefur gert 1.024 samninga og af þeim 619 sem hafa verið yfirfarnir núna eru 62 tilfelli þar sem fólk hefur þurft að setja hús sitt á sölu.

Svanborg segir þetta ekki alveg tæmandi lista, en um tíu prósent þeirra sem leita til stofnunarinnar fá synjun um samninga.

„Mjög algengt er að fólk hafi ekki skilað inn skattframtali eða gögnum. Sumir eru með atvinnurekstur og hafa ekki skilað inn gögnum hvað hann varðar. Annar hópur sem fær synjun skuldar of mikinn virðisaukaskatt.

Þá er í sumum tilfellum auðsjáanlegt að viðkomandi hefur ekki haft greiðslugetu þegar lánið var tekið.“

Umboðsmaður skuldara hefur sautján sinnum vísað samningum til dómstóla, þegar kröfuhafar hafa ekki viljað semja við skuldara. Í slíkum nauðasamningum skera dómstólar úr um samningana. Af þeim hefur tveimur verið synjað.

Gunnar Axel Axelsson, aðstoðarmaður velferðarráðherra, bendir á að meirihluti velferðarnefndar Alþingis hafi í vor lagt fram frumvarp um breytingu á greiðsluaðlögun einstaklinga. Það hafi hins vegar ekki fengist afgreitt.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is




**REYKJAVÍK** Umboðsmaður skuldara metur það svo að 192 þeirra Reykvíkinga sem leitað hafa til embættisins hafi litla sem enga greiðslugetu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Fólk með neikvæða eða lága greiðslugetu*

| Sveitarfélag | Eigin fasteign | Annað | Félagsl. húsn. | Leiga | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 92 | 28 | 28 | 136 | 192 |
| Hafnarfj. | 24 | 6 | 4 | 45 | 55 |
| Reykjanesb. | 19 | 5 | 7 | 30 | 42 |
| Kópavogur | 17 | 3 | 5 | 25 | 33 |
| Mosfellsb. | 11 | 1 | 0 | 9 | 10 |
| Selfoss | 9 | 0 | 1 | 12 | 13 |
| Akureyri | 7 | 3 | 6 | 16 | 25 |
| Garðabær | 5 | 2 | 0 | 8 | 10 |
| Hveragerði | 5 | 0 | 0 | 5 | 5 |
| Grindavík | 4 | 1 | 0 | 7 | 8 |
| Álftanes | 4 | 0 | 0 | 7 | 7 |

*Miðað við mat umboðsmanns skuldara frá því í vor. Yfirferð yfir samninga skjólstæðinga er ekki lokið.






# HVAR ER HÚFAN MÍN?




GLÆNÝ PRJÓNABÓK!

## Húfuprjón – 57 uppskriftir á kríli, krakka, konur og karla

Litrík og fjölbreytt bók með einföldum og skýrum uppskriftum, gagnlegum leiðbeiningum og góðum ráðum.












Frá höfundi bókarinnar
***Sokkaprjón***

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



**FULLVELDI FAGNAÐ** Indverjar minntust þess í gær að 65 ár voru liðin frá því landið fékk sjálfstæði frá Bretum. Þessi drengur tók þátt skrýddur fánum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðstoðarsjávarútvegsráðherra Grænlendinga segir samskiptin við Ísland vera jákvæð þrátt fyrir bann:

# Þurfa nú lítt á íslenskum höfnum að halda

**SJÁVARÚTVEGUR** Jens K. Lyberth, aðstoðarsjávarútvegsráðherra Grænlands, segir að viðunandi niðurstaða hafi náðst í viðræðum sjávarútvegsráðherra Íslands og Grænlands í deilunni um uppskipun á makríl sem veiddur er í grænlenskri lögsögu.

„Eftir að deilan kom upp hafa ráðherrarnir talað saman og ég leyfi mér að segja að þessi samskipti séu öll á jákvæðum nótum,“ segir hann.

Hann minnir á að grænlenska skipið Erika hafi fengið leyfi til að landa nokkrum sinnum á Íslandi og segist viss um að slík leyfi verði gefin í framtíðinni í viðlíka tilfellum.

„Þar að auki getum við flutt afla á milli skipa á sjó svo við þurfum ekki svo mikið á því að halda að getað landað á Íslandi,“ bætir hann við en Grænlendingar hafa nú fengið skip, meðal annars frá Kína, til makrílveiðanna.

Jens Bigaard, útgerðarstjóri Royal Greenland, er ekki jafn sáttur.

„Það hefur ekkert breyst hjá okkur frá því að bannið var sett á,“ segir hann. „Við vorum búnir að fá íslensk skip til liðs við okkur en það er allt fyrir bí.“

Eins og greint hefur verið frá voru Brimnes og Guðmundur í Nesi, frá Brim, á makrílveiðum á grænlenskum miðum áður en Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegsráðherra Íslands, tók í taumana.

Auk þessara skipa voru skipin Gandí og Arnar lögð af stað til að taka þátt í þessum veiðum. - jse



**GANDÍ VE Í VESTMANNAEYJUM** Gandí var á leið á Grænlandsmið til makrílveiða þegar íslenski sjávarútvegsráðherrann tók í taumana. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Margir lausir endar við réttarhöldin vekja grunsemdir

**Snöggsoðin réttarhöld yfir eiginkonu kínverska stjórnmálamannsins Bo Xilai í síðustu viku skilja eftir sig fjölmargar spurningar, meðal annars um hugsanlegan hlut eiginmannsins að morðinu, sem Gu Kailai játaði fúslega á sig. Við réttarhöldin var forðast að ræða hugsanlega spillingu og misnotkun valds.**

**KÍNA, AP** „Þetta hljómar eins og saga úr ævintýri. Smáatriðin í málinu eru afar lítt trúverðug,“ segir He Weifang, lagaprófessor við Pekingháskóla.

Hann er þarna að tala um morðið á breska kaupsýslumanninum Neil Heywood, sem Gu Kailai, eiginkona kínverska stjórnmálamannsins Bo Xilai, hefur viðurkennt fyrir rétti að hafa framið.

Réttarhöldin fóru fram í lok síðustu viku og stóðu aðeins í sjö klukkustundir. Gu sagði þar að syni sínum hefði stafað hætta af Heywood, hún hafi því ákveðið að eitra fyrir honum. Hún sagðist iðrast gjörða sinna og þykir eiga von til þess að sleppa við dauðadóm.

> Það er erfitt að trúa því að Bo Xilai hafi ekki verið látinn vita og raunar að hann hafi ekki verið beðinn um leyfi.
>
> **STEVE TSANG**
> SÉRFRÆÐINGUR Í MÁLEFNUM KÍNA VIÐ NOTTHINGHAM-HÁSKÓLANN



**BO XILAI** Hélt um valdataumana í borginni Chongqing, þar sem eiginkona hans myrti Bretann Neil Heywood. NORDICPHOTOS/AFP

Fréttaskýrendur, sem fylgdust með réttarhöldunum og aðdraganda þeirra, segja málið samt varla vera alveg svona borðleggjandi.

Stjórnvöld hafa dregið upp þá mynd af Gu að hún hafi verið þunglynd og á lyfjum, sem hafi brenglað dómgreind hennar. Hún hafi platað Heywood inn á hótelherbergi í borginni Chongqing, þar sem hún hafi hellt hann fullan og síðan sett blásýru upp í hann.

Allt hafi þetta gerst vegna þess að hún hafi óttast um líf sonar síns, en hvergi er minnst á spillingu í stjórnkerfinu í tengslum við eiginmann hennar, Bo Xilai, sem átti mikinn frama vísan í kínverska Kommúnistaflokknum en sagði af sér eftir að upp komst um morðið.

Hvergi hefur komið fram hvaða ógn syni Gu stafaði af Bretanum Heywood. Engin skýring hefur heldur verið gefin á því hvers vegna Heywood hafi átt að hafa lagt á sig ferðalag til Chongqing og farið þar upp á hótelherbergi með Gu, eftir að hafa hótað syni hennar öllu illu.

Þá hafa stjórnvöld forðast að spyrja hvort og þá hvernig eiginmaður hennar gæti hafa tengst málinu. Við réttarhöldin kom engu að síður fram, samkvæmt heimildarmanni fréttastofunnar AP, að Wang Lijun, lögreglustjóri í Chongqing, hafi vitað af morðinu fyrirfram og jafnvel verið með í ráðum.

Bo Xilai hafði mikil völd í borginni Chongqing og lögreglustjórinn var náinn samstarfsmaður hans. Steve Tsang, sérfræðingur í málefnum Kína við háskólann í Nottingham í Bretlandi, segir erfitt að ímynda sér að lögreglustjórinn Wang hafi vitað af þessum ráðagerðum án þess að ræða það við Bo, hvort sem hann átti sjálfur hlut að máli eða ekki: „Það er erfitt að trúa því að Bo Xilai hafi ekki verið látinn vita og raunar að hann hafi ekki verið beðinn um leyfi.“ gudsteinn@frettabladid.is



**MINNA ATVINNULEYSI** Skýrsla Vinnumálastofnunar um ástand á vinnumarkaði sýnir minnkandi atvinnuleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skýrsla Vinnumálastofnunar:

## Atvinnulausum fækkaði í júlí

**VINNUMARKAÐUR** **Skráð atvinnuleysi á Íslandi í júlí var 4,7 prósent að því er fram kemur í nýjum tölum Vinnumálastofnunar. Í júlí í fyrra mældist atvinnuleysi 6,6 prósent.**

**Þetta jafngildir því að 8.372 að meðaltali hafi verið án atvinnu í mánuðinum og fækkaði atvinnulausum því um 332 að meðaltali frá júní, eða um 0,1 prósentustig.**

**Alls hafa 5.441 verið atvinnulausir í meira en sex mánuði og í júlílok höfðu 3.418 verið atvinnulausir í meira en eitt ár. Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir því að atvinnuleysi breytist lítið í ágúst, verði á bilinu 4,6 til 5 prósent.** - þj

Starfslaun listamanna:

## Styrkja samstarfsverkefni

**STJÓRNSÝSLA** Það nýmæli verður tekið upp við úthlutun starfslauna listamanna á næsta ári að fleiri en einn listamaður eða hópur geta sótt um starfslaun fyrir skilgreint samstarfsverkefni.

Ráðherra hefur samþykkt þessar breytingar að tillögu stjórnar listamannalauna. Þá geta fleiri en einn listamaður eða hópur sótt um starfslaun í mismunandi sjóði fyrir samstarfsverkefni. Eins verður sú breyting að einstaklingar geta sótt um starfslaun í mismunandi sjóði. - kóp


Heimilisleg hjúkrunarrúm

Úrval hjúkrunarrúma með rafknúnum stillingum, ásamt vönduðum náttborðum. Þýsk gæðavara á hagstæðu verði.

Skoðaðu úrvalið í sýningarsal okkar að Askalind 1, Kópavogi.

ÖRYGGI O VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN



PIPAR\TBWA • SÍA • 120982

# SKÓLABÓKARDÆMI UM
# LÁGT VERÐ

36 TÍMA TILBOÐ!

**Intel Core i5 2450M (3.1 Ghz turbo)**
**6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni**
**500 GB harður diskur**




lenovo
Lenovo Ideapad U400
Intel Core i5 2450M (3.1 Ghz turbo)
6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
500 GB harður diskur
14" HD LED 1366x768
Allt að 7 klst. rafhlöðuending

LISTAVERÐ ~~169.999~~

# 119.999:-

LENDIR
23. ÁGÚST

**AMD A4-3400 Quad Core**
**8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni**




hp
HP Probook 4535S
AMD A4-3400M Quad Core
8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
750B 7200 RPM harður diskur
15.6" LED 1366x768
Allt að 5.15 klst. rafhlöðuending

LISTAVERÐ ~~139.999~~

# 99.999:-

LENDIR
23. ÁGÚST

**Intel Core i3-2350M 2.3GHz**
**6 cell rafhlaða allt að 7,3 tímar**




FUJITSU
Fujitsu AH531
Intel Core i3-250M 2.3GHz örgjörvi
4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
320GB SATA 5400RPM diskur
15.6´´ HD LED Glossy 16 / 9 1366x768
300Mbps þráðlaust net
6 cell rafhlaða allt að 7,3 tímar
1.3MP innbyggð vefmyndavél
Windows 7 Professional 64-bit

LISTAVERÐ ~~109.999~~

# 79.999:-

TIL
Á LAGER

**Lágt verð!**
Búðin.is er eingöngu á netinu. Það skilar sér í lægri rekstrarkostnaði og getum við því boðið lægra verð.

**Greiðslumöguleikar**
Fjöldi greiðslumöguleika er í boð. Staðgreiðsla, kortagreiðsla raðgreiðsla. Þú velur

**Skilaréttur**
Að sjálfsögðu. Það eru 14 daga skilaréttur frá því að þú hefur fengið vöruna í hendur.

**Ábyrgð**
Búðin.is notast aðeins við viðurkennd þjónustu- og viðgerðarverkstæði. Ábyrgð á raftækjum og tölvubúnaði eru 2 ár.

**Þægindi**
Hægt er að fá vöruna senda heim að dyrum eða sækja hana á einhvern 70 afgreiðslustaða Póstsins um land allt.

Búðin.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Meirihluti fyrir pólitísku ráðaleysi:

## Hvar er plan B?


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Nú er hafið enn eitt upphlaupið í kringum umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Að þessu sinni á það upptök sín í þingflokki Vinstri grænna, sem telur sig þurfa að friða ESB-andstæðinga í flokknum, og stjórnarandstaðan stekkur að sjálfsögðu á vagninn.

Þeir sem vilja slíta viðræðunum við ESB, eða „endurmeta stöðuna“ eins og það er orðað, vísa gjarnan til umróts og óvissu í efnahagsmálum aðildarríkjanna. Það er hins vegar ekki ástæða til að hætta viðræðunum. Saga Evrópusamstarfsins er að mörgu leyti saga umróts og óvissu. Evrópusambandið og forverar þess hafa þurft að takast á við margs konar efnahagskrísur og iðulega hefur samstarfinu verið spáð bráðu andláti. Það hefur ekki gengið eftir, heldur hefur samstarfið þvert á móti orðið nánara. Aðildarríki ESB hafa flest áttað sig á því að í glímunni við efnahagskreppur eru þau sterkari í samstarfi en ef hvert ríki reyndi að leysa vandann upp á eigin spýtur.

Núverandi kreppa evrusvæðisins er ekki gjaldmiðilskreppa, þótt það sé stundum látið í veðri vaka. Hún er öðrum þræði skulda- og ríkisfjármálakreppa einstakra aðildarríkja, sprottin af ábyrgðarleysi stjórnmálamanna (sem er Íslendingum ekki ókunnugt), og hins vegar bankakreppa, ekki ósvipuð okkar eigin, eins og til dæmis á Spáni.

Ef Evrópusambandið kemur harðari aga á ríkisfjármál aðildarríkjanna og setur á skilvirkara eftirlit með fjármálageiranum verður það eftirsóknarverðara fyrir Ísland að verða aðildarríki. Af hverju ættum við að fleygja þeim möguleika frá okkur núna?

Aðildarviðræðurnar ganga vel. Það sem af er hefur gangurinn í þeim sýnt að Ísland er vel undir aðild að Evrópusambandinu búið og hefur í gegnum EES-samninginn lagað löggjöf sína að stórum hluta regluverks sambandsins. Erfiðustu kaflarnir, ekki sízt um landbúnað og sjávarútveg, eru eftir. Það skiptir efnislega engu máli fyrir möguleika Íslands á að ná góðum aðildarsamningi hvort þeir verða opnaðir fyrir eða eftir þingkosningar á Íslandi. Það skiptir eingöngu máli í því fjarstæðuleikhúsi sem íslenzk pólitík er þessa dagana.

Aðild að ESB og upptaka evru er ennþá raunhæfasta leið Íslands til að eignast trúverðugan gjaldmiðil og komast út úr gjaldeyriskreppu og höftum. Þeir, sem vilja hætta aðildarviðræðunum, bjóða ekki upp á annan raunhæfan kost. Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, hittir naglann á höfuðið þegar hann segir í Morgunblaðinu í gær að það sé skrýtið að þeir sem ekki hafi plan B keppist nú við að skemma plan A. Væri ekki að minnsta kosti ráð að bíða eftir margboðaðri skýrslu Seðlabankans um kosti Íslands í gjaldmiðilsmálum áður en menn ákveða að loka þessum dyrum?

Þegar Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, bendir á að ekki sé meirihluti á Alþingi fyrir aðildarumsókninni, vekur hann í raun athygli á þeirri staðreynd að meirihluti Alþingis er ekki með neitt raunhæft plan um það hvernig eigi að tryggja framtíð íslenzks gjaldmiðils og efnahagslífs og sess Íslands í samfélagi ríkja. Það er heldur dapurleg staðreynd.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Kvenfyrirsæta**

Óskum eftir að ráða kvenfyrirsætu 25 ára eða eldri vegna myndlistarkennslu á haustönn 2012.

Nánari upplýsingar gefur fagstjóri myndlistargreina Guðrún G. Gröndal (ggg@gb.is) í síma 699 5798.

**Skólameistari**

Austurbergi 5, 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur fb@fb.is www


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allt á áætlun

Stefán Füle er stækkunarstjóri Evrópusambandsins. Hann sagði í samtali við erlenda vefsíðu í gær að aðildarviðræður við Íslendinga væru á áætlun. Það hljóta að vera nokkur tíðindi fyrir þá sem hafa kvartað yfir því að þær hafi tafist. Nægir að minnast þess að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði við Fréttablaðið að betra hefði verið að ljúka samningum fyrir komandi alþingiskosningar. Kannski Ísland hefði þá átt að leggja áherslu á það í þeirri áætlun sem fylgt er, en samkvæmt Füle virðist allt standa eins og stafur á bók þegar að henni kemur.



### Þjóðin spurð

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er einn þeirra sem kvartað hafa yfir því hve hægt gangi. Nú vill hann spyrja þjóðina sem fyrst hvort hún vilji ganga í Evrópusambandið. Lýðræðið byggir á því að taka upplýsta ákvörðun. Fyrr en samningur liggur fyrir er ekki hægt að taka slíka ákvörðun.



### Ekki á dagskrá

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur sagt einboðið að ræða endurmat á aðildarumsókninni á flokksráðsfundi Vinstri grænna sem haldinn verður 23. til 24. ágúst. Það hafa fleiri, til dæmis Álfheiður Ingadóttir, gert. Dagskrá umrædds fundar hefur hins vegar verið send út og þar er Evrópumálin hvergi að finna. Annaðhvort gleymdist að gera ráð fyrir þeim eða að eitthvað gjörbreyttist í stöðunni frá því að dagskráin var ákveðin og send út.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Fjárfest í tækifærum


Lífeyrissjóðir



Kristján Freyr Kristjánsson
framkvæmdastjóri Innovit


Í síðustu viku birtist fréttaskýring þess efnis að margir lífeyrissjóða landsins hefðu ekki áhuga á að fjárfesta í nýsköpun þar sem slíkar fjárfestingar þættu „áhættusamar og eru [lífeyrissjóðirnir] enn brenndir eftir mislukkaðar fjárfestingar í nýsköpun í kringum aldamótin“.

Í þessu samhengi má ekki gleyma því að þau verðmæti sem athafnamenn skapa verða ekki til af sjálfu sér. Oftar en ekki þarf talsverðan tíma til að þróa nýja vöru eða þjónustu sem getur verið grundvöllur að nýjum verðmætum. Þennan tíma þurfa fyrirtæki vanalega að fjármagna með fjárfestingum fjársterkra aðila, oftar en ekki lífeyrissjóða eða annarra sem geta bundið fé til lengri tíma. Til að mynda þurftu fyrirtæki á borð við Össur, Marel og CCP í kringum tíu ár til að teljast árangursrík fyrirtæki.

Á Íslandi í dag er fátt mikilvægara en að fjárfesta í nýjum fyrirtækjum sem hafa möguleika á að búa til aukin verðmæti. Því verða fjársterkir aðilar hér á landi að taka höndum saman og taka áhættu með þeim athafnamönnum sem eru tilbúnir til að stofna ný fyrirtæki. Þetta á við um lífeyrissjóði, en ekki síður fjársterka einstaklinga og reynslumikla aðila sem geta hjálpað nýjum fyrirtækjum að vaxa með fjármagni sínu, reynslu og tengslaneti. Vissulega felst meiri áhætta í að fjárfesta í fyrirtækjum á fyrri stigum, þar sem ákveðin óvissa ríkir um framtíð þeirra. Hins vegar má ekki gleymast að ávinningurinn er þeim mun meiri ef vel tekst til.

Aldrei hefur verið jafn mikið af möguleikum fyrir fjármagnseigendur á Íslandi til að kynnast nýjum viðskiptatækifærum. Nýsköpunar- og frumkvöðlasetrin Innovit og Klak hafa tekið höndum saman með Arion banka og komið upp sérstökum fjárfestadegi. Næstkomandi föstudag munu tíu ný íslensk fyrirtæki kynna sig fyrir áhugasömum fjárfestum í höfuðstöðvum Arion banka. Þau hafa þá lokið þátttöku í tíu vikna frumkvöðlaprógrammi sem kallast Startup Reykjavík en hafa þau meðal annars fengið ráðgjöf frá á sjötta tug forstjóra, innlendra og erlendra sérfræðinga og athafnamanna. Þetta eru raunveruleg viðskiptatækifæri sem eiga fyrir höndum langt og strangt ferðalag. En spurningin sem eftir stendur er: Hverjir treysta sér með?


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fjárhagur framhaldskólanna

Stjórnsýsla



Ólafur Haukur Johnson
skólastjóri og eigandi Menntaskólans Hraðbrautar

Umræða hefur verið í fjölmiðlum síðustu daga um fjárhag framhaldsskólanna. Stjórnendur þeirra hafa kvartað undan þröngri stöðu og undir þau sjónarmið hefur verið tekið af ráðherra. Látið er eins og að staðan sé verri en þolanlegt er og að nú þurfi að auka útgjöld til skólanna. Staðan er ekki svona slæm að mínu mati og ágætir kostir í stöðunni. Nú er tækifæri til að endurskipuleggja skólastarfið með það í huga að bæta það, auka aga og stytta námstímann. Þannig má auka skilvirkni nemenda og draga úr kostnaði. Svigrúm til að gera þetta er vissulega til staðar.

Víst er það svo að skólarnir og stjórnendur þeirra hafa oft haft meira fé til að gera það sem þá langar til, en það á við flesta í þjóðfélaginu. Fram hjá hinu verður ekki horft að niðurskurður til framhaldsskólanna hefur verið minni en víðast annars staðar þrátt fyrir að þar sé svigrúmið og hagræðingarmöguleikarnir sennilega meiri en hjá flestum öðrum. Vandinn er sá að stjórnendur og starfsfólk skólanna hafa ekki beinan hag af hagræðingu og hún kostar vinnu og er sjaldnast gleðigjafi. Því þarf að búa til hvata í kerfinu fyrir þá sem standa fyrir breytingunum. Fyrir ráðherra gildir það sama. Því fylgir óánægja og aukin vinna að hagræða.

Fram undan er einstakt tækifæri til að taka rekstur og skipan skólanna til endurskoðunar. Tel ég að nýta megi fjármuni ríkisins betur en gert er. Einnig finnst mér slæmt að horfa upp sóun á tíma og fjármunum nemenda þar sem framtíðarinnar verði engu breytt. Nauðsynlegt er að nýta það tækifæri sem nú er til endurskipulagningar skólastarfsins, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla, þannig að kostnaðurinn minnki. Stefna þarf að einfaldari og skipulagðari skóla sem lýkur við 18 ára aldur eins og hjá flestum þjóðum en ekki 20 ára eða enn seinna eins og hér er. Þar liggja gríðarleg fjárhagsleg tækifæri sem verður að nýta.

Greinarstúfur þessi verður vafalítið túlkaður af mörgum sem leiðindi af minni hálfu vegna þeirrar stöðu sem nú er hjá Menntaskólanum Hraðbraut. Ekki er það hvati minn að greinaskrifum þessum. Ástæðan fyrir því að ég rita þetta er eingöngu sú að skólamál eru mér mikið hjartans mál og því er mér mikilvægt að leggja málinu lið. Hinu er þó ekki að leyna að ég tel að staða þessara mála væri önnur og betri ef Menntaskólinn Hraðbraut hefði fengið að starfa áfram af krafti. Þá væri vandinn við að finna umsækjendum skólavist minni en nú er. Einnig er skólinn án nokkurs vafa hagkvæmasti framhaldsskóli landsins. Ekki aðeins er skólinn hagkvæmastur vegna þess að nám til stúdentsprófs er þar mun styttra en í öðrum skólum, heldur var ráðherra einnig boðið að greiðsla til skólans fyrir hvern nemenda yrði lægri en til annarra skóla. Þrátt fyrir þetta synjaði ráðherra Hraðbraut um nýjan þjónustusamning. Það hlýtur að vekja upp spurningar nú. Þetta gerist á sama tíma og fjölmargir umsækjendur um skólavist hafa ekki fengið inni í skólunum. Að fá ekki inni í skóla er ekki aðeins sár reynsla, því fylgir mikið tjón fyrir þá nemendur sem í hlut eiga. Á meðan við erum flest sammála um að í menntun felist ávinningur fyrir þjóðfélagið allt hljótum við einnig flest að vera sammála um að svona stjórnun þessara mála þýði mikið fjárhagstjón fyrir þjóðfélagið. Við þurfum að sameinast um að bæta þau mál. Til þess er ég reiðubúinn.

> Vandinn er sá að stjórnendur og starfsfólk skólanna hafa ekki beinan hag af hagræðingu og hún kostar vinnu og er sjaldnast gleðigjafi. Því þarf að búa til hvata í kerfinu fyrir þá sem standa fyrir breytingunum.

# Lífslíkur mínar eru 25 árum skemmri en annarra – vilt þú styðja mig?

Samfélagsmál



Þórunn Helga Garðarsdóttir
félagi í Klúbbnum Geysi

Ég heiti Þórunn Helga en allir kalla mig Tótu. Ég er búin að vera félagi í Klúbbnum Geysi í níu ár.

Að gerast félagi í Klúbbnum Geysi bjargaði lífi mínu.

Ég var búin að loka mig inni og sængin var besti vinur minn. Ég sá engan tilgang og mig langaði bara að deyja. Ég óskaði þess oft að ég mundi ekki vakna aftur þegar ég sofnaði.

Ég var búin að vera í iðjuþjálfun inni á geðdeild í smá tíma og var mér bent á Klúbbinn Geysi þar. Fyrst hélt ég að Klúbburinn Geysir væri ekki fyrir mig en það var bara hræðslan við að koma á nýjan stað og hitta nýtt fólk. Ég var orðin mjög félagsfælin en ég ákvað að koma í kynningu og skoða.

Það var tekið vel á móti mér þegar ég kom og mér leist vel á, ég ákvað að gerast félagi strax og byrja fljótlega. Þarna fékk ég tilgang til að vakna og fara á fætur. Klúbburinn Geysir er fyrir alla sem hafa átt eða eiga við geðraskanir að stríða og allir fá sama hlýja viðmótið.

Ef ég hafði ekki mætt í smá tíma þá var hringt í mig og spurt um mig, hvort væri allt í lagi og hvort ég ætlaði ekki að koma. Með hjálp Geysis fékk ég trú og von.

Ég var búin að vera félagi í eitt ár þegar auglýst var RTR-starf (Ráðning til reynslu) í Hagkaupum, sem ég sótti um og var ég þar í um níu mánuði. Síðan fékk ég sjálfstæða ráðningu hjá Hagkaupum eftir að RTR lauk og ég var þar í um eitt ár og þá fór ég yfir í BYKO. Þar var ég í eitt og hálft ár, en þá skall kreppan á og ég missti vinnuna. Þetta var árið 2009 og við tók erfiður tími, sem endaði með því að ég fór í meðferð í september 2010. Ég er búin að vera laus við öll hugbreytandi efni og áfengi síðan.

Í dag er ég komin í vinnu á kassa í Krónunni og er að fara í verslunarfagnám í haust. Með hjálp Geysis fékk ég þor til að fara í nám.

Lífslíkur þeirra sem greinast með geðsjúkdóm eru 25 árum styttri en annarra. Klúbburinn Geysir er einn af bestu stöðunum til að hækka lífslíkur okkar í þeim hópi. Ég vil hvetja alla sem geta hugsað sér að leggja Klúbbnum Geysi lið til að heita á hlaupara í Reykjavíkurmaraþoninu sem hlaupa fyrir klúbbinn minn.

Klúbburinn Geysir bjargaði mér og þakka ég klúbbnum fyrir það sem ég er í dag.

> Þarna fékk ég tilgang til að vakna og fara á fætur.




TILBOÐ Í ÁGÚST



Hér sýnum við aðeins brot af þeim bílum sem við erum með á tilboði í ágúst. Endilega kynntu þér tilboðsbílana á www.bilaland.is

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



SUBARU Impreza AERO
Nýskr. 03/08, ekinn 159 þús.
Bensín, 5 gírar.
Verð áður: 2.190 þús. kr. Rnr. 151133
TILBOÐSVERÐ 1.590 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



KIA Sportage II V6
Nýskr. 05/09, ekinn 42 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.290 þús. kr. Rnr. 141177
TILBOÐSVERÐ 2.590 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



NISSAN X-Trail SE
Nýskr. 06/08, ekinn 119 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.290 þús. kr. Rnr. 190355
TILBOÐSVERÐ 2.630 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



RENAULT Megane Scenic 7 sæta
Nýskr. 03/06, ekinn 91 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.590 þús. kr. Rnr. 200437
TILBOÐSVERÐ 1.090 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



PORSCHE Cayenne S
Nýskr. 02/03, ekinn 108 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.480 þús. kr. Rnr. 270133
TILBOÐSVERÐ 2.480 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



NISSAN Murano 3,5
Nýskr. 08/05, ekinn 111 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.480 þús. kr. Rnr. 150795
TILBOÐSVERÐ 1.890 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



LEXUS RX300
Nýskr. 05/05, ekinn 87 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.380 þús. kr. Rnr. 101830
TILBOÐSVERÐ 2.580 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



CITROEN Xsara Picasso Exclusive
Nýskr. 01/06, ekinn 81 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.270 þús. kr. Rnr. 141281
TILBOÐSVERÐ 880 þús. kr.

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og BREIÐHÖFÐA (Bílakjarninn)

bílaland
525 8000 - www.bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM53735


# Slysatrygging við heimilisstörf – góð trygging verður betri


Slysatryggingar



Ingólfur Kristinn Magnússon
lögmaður og sérfræðingur í slysa- og skaðabótamálum


Slysatrygging við heimilisstörf skv. 30. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007 er ein af bestu slysatryggingum sem einstaklingum stendur til boða. Hún kostaði litlar 450 kr. fyrir einstakling á síðasta ári fyrir tryggingatímabilið 1. ágúst 2012 til 31. júlí 2013. Óhætt er að fullyrða að vart finnst ódýrari trygging með jafn víðtækri tryggingavernd. Þrátt fyrir lágt verð og góða vernd þá hafa iðgjöld tryggingarinnar staðið undir útgjöldum skv. ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og nú, frá árinu 2008, skv. ársreikningum Sjúkratrygginga Íslands.

Ákvörðun um tryggingatökuna er með einfaldasta móti. Einstaklingur þarf einungis að haka í þar til gerðan reit á forsíðu skattframtalsins eða sleppa því og er því annað hvort tryggður eða ekki. Tryggingin veitir víðtæka vernd og í henni er innifalin endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, dagpeningar og eftir atvikum eingreiddar örorkubætur vegna bótaskylds slyss við heimilisstörf, sbr. ákvæði IV. kafla almannatryggingalaga.

Þessi einfalda trygging kom fyrst 1971 þegar Alþingi ákvað að tryggja heimavinnandi einstaklinga með sama móti og launþega. Tryggingin veitti lengi vel mjög víðtæka vernd sem var því miður takmörkuð að nokkru leyti með reglugerð á árinu 2005, nr. 280/2005. Reglugerðin þrengdi talsvert þágildandi reglur frá árinu 1995, nr. 527/1995. Umboðsmaður Alþingis gerði nýverið athugasemd við reglugerðina í áliti sínu frá 15. mars 2012, nr. 6539/2011, og beindi þeim tilmælum til velferðarráðherra að endurskoða reglugerðina. Ráðherra hófst strax handa, í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands, við að semja nýja reglugerð sem tæki mið af þeim athugasemdum sem komu fram í álitinu. Innan fjögurra mánaða, eða 12. júlí sl., hafði ráðherra sett nýja reglugerð um slysatrygginguna við heimilisstörf sem tók gildi 1. ágúst. Í reglugerðinni voru breytingarnar frá 2005 að mestu fjarlægðar og í megindráttum horfið aftur til sömu reglna og giltu á árunum 1995-2005. Tvær meginbreytingar voru gerðar á gildandi reglugerð í nýju reglugerðinni frá 12. júlí sl.

- Öll viðhaldsverkefni og viðgerðir eru nú innan gildissviðs tryggingarinnar en verndin er ekki lengur takmörkuð við mjög einföld og almenn viðhaldsverkefni.
- Verkefni eins og að svara í síma og sækja póst eru ekki lengur útilokuð með öllu og geta því talist til heimilisstarfa.

Fyrri breytingin er veruleg réttarbót. Samkvæmt reglugerð nr. 280/2005 má vart stíga upp í stiga eða nota nokkur rafmagnstæki í viðhaldsverkefnum og viðgerðum svo tryggingaverndin verði óvirk. Þessar ítarlegu takmarkanir vegna viðhaldsverkefna voru fjarlægðar 1. ágúst með nýju reglugerðinni. Síðari breytingin er ekki eins viðamikil og veitir Sjúkratryggingum Íslands heimild til að skoða málsatvik heildstætt þegar bótaskylda er metin vegna slysa sem verða við að svara í síma og sækja póst. Því verður stofnunin ekki bundin af því að synja slíkum málum eins og í tíð eldri reglugerðar.

Á ári hverju eru ekki nema um 150 slys við heimilisstörf tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands. Þá er einungis um örfá slys að ræða á síðustu árum sem hefur þurft að synja á ofangreindum takmörkunum sem féllu úr gildi 1. ágúst. Um er að ræða mikið réttlætismál fyrir einstaklinga sem lenda í slíkum slysum sem geta haft víðtæk áhrif, ekki aðeins á fjárhag þeirra heldur líka heilsu til frambúðar.

Ég hvet alla til að gleyma ekki að haka við reitinn á fyrstu síðu skattframtalsins og njóta verndar góðrar og ódýrrar tryggingar. Um óverulega fjárhæð er að ræða fyrir tryggingu sem getur skipt miklu fjárhagslegu máli ef það kemur til alvarlegra slysa við heimilisstörf.

> Þessi einfalda trygging kom fyrst 1971 þegar Alþingi ákvað að tryggja heimavinnandi einstaklinga með sama móti og launþega. Tryggingin veitti lengi vel mjög víðtæka vernd sem var því miður takmörkuð að nokkru leyti með reglugerð á árinu 2005, nr. 280/2005. Reglugerðin þrengdi talsvert þágildandi reglur frá árinu 1995, nr. 527/1995.

# Vertu þinn eigin útgefandi


Menning



Óskar Þór Þráinsson
upplýsingafræðingur og stofnandi rafbókaveitunnar Emma.is


Bókaútgáfa er mjög öflug á Íslandi. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands koma út fimm titlar á hverja þúsund íbúa á Íslandi. Þetta er um tvöfaldur fjöldi titla miðað við önnur norræn ríki. Bókaþjóðin Ísland les ekki bara mikið heldur er hún einstaklega dugleg í að skrifa. Fyrir utan þá rithöfunda sem vinna við ritstörf skrifa ótal Íslendingar sér til dægrastyttingar hvort sem það eru ljóð, smásögur, myndasögur, skáldsögur í fullri lengd, fræðibækur eða kvikmyndahandrit. Fjöldi handrita berst útgáfufélögum á hverju ári en það er glæpsamlega lítið hlutfall þeirra sem gefið er út á endanum. Þessi handrit lenda því flest ofan í skúffum, rykfalla og gleymast því aðeins stórhuga höfundar fara út í útgáfu.

Sú var tíðin að það voru bara tvær leiðir til bókaútgáfu á Íslandi. Það var annaðhvort að komast í gegnum síu bókaútgáfanna í samkeppni við hundruð handrita til þess að fá útgáfusamning eða að leggja sjálfur út fyrir umbrotsvinnu og prentkostnaði með von um að komast að minnsta kosti út á sléttu.

Bókamarkaðurinn hefur breyst gífurlega á síðustu árum, bæði erlendis og hér heima. Bækur eru nú gefnar út allt árið og framþróun í stafrænni prentun og umbrotstækni hafa auðveldað nýliðum útgáfu bóka upp að vissu marki.

Þetta kemur bersýnilega í ljós þegar litið er til þess að í Bókatíðindum 2011 voru skráðir 130 útgefendur á sama tíma og það eru aðeins um fjörutíu útgáfufyrirtæki í Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Rafbækur eru nýjasti miðillinn í bókaútgáfu. Rafbókaútgáfa er spennandi möguleiki bæði fyrir þekkta og óþekkta rithöfunda. Rafbækur njóta sífellt meiri vinsælda og eru íslenskir höfundar og útgefendur þegar byrjaðir að fóta sig á rafbókamarkaði bæði hér heima og erlendis þótt útgáfan sé enn þá lítil í sniðum. Rafbókaformið hefur marga kosti sem henta sjálfstæðum útgefendum. Hægt er að gefa bók út á þessu formi með litlum tilkostnaði og áhættu, ekki þarf að hafa áhyggjur af lagerhaldi og dreifingu. Það skal hafa í huga að vinnan við undirbúning útgáfu og rafbókaumbrot er ekki minni og kynningastarf að útgáfu lokinni er ekki síður mikilvægt. Rafbókaútgáfa er opin öllum. Hver sem á handrit að bók getur gefið út rafbók. Það eina sem þarf er fullbúið handrit, einlægur áhugi og örlítil þolinmæði.

Rafbókaformið hentar ekki eingöngu höfundum með óútgefnar bækur. Það er kjörið að nota rafbókaformið til þess að endurútgefa klassískar og góðar bækur sem hafa verið ófáanlegar í lengri eða styttri tíma. Einn af kostum rafbókarinnar er að hún getur verið í sölu árum saman því rafbókahillur fyllast hvorki né tæmast.

Við Íslendingar eigum eflaust heimsmet í skúffuskáldum og hægt að ætla að víða leynist óuppgötvaðar bókmenntaperlur. Það eru til ótal sögur af höfundum sem var ítrekað hafnað af útgefendum en urðu síðar metsöluhöfundar. Harry Potter eftir J.K. Rowling er nærtækt dæmi. Einnig má nefna nýlegt íslenskt dæmi, Sigurjón Pálsson sem fékk Blóðdropann 2012, íslensku glæðasagnaverðlaunin, fyrir Klæki sem hann gaf út sjálfur bæði sem bók og rafbók. Við höfum einnig fjölmörg dæmi á síðustu árum um höfunda sem gáfu sjálfir út rafbók, vöktu athygli lesenda og eru nú metsöluhöfundar jafnt á prenti og í rafbókaformi. Þar má nefna höfunda eins og Amanda Hocking, Joe Konrath, og John Locke.

Útgáfa rafbóka á íslensku fer ört vaxandi og hægt er að áætla að titlarnir séu á bilinu 300-400. Í dag eru sex vefir sem bjóða upp á íslenskar rafbækur. Það eru Emma.is, Rafbokavefur.is, Forlagið, Skinna.is, Eymundsson og Lestu.is. Búast má við að þeim fjölgi á komandi misserum eftir því sem úrval og eftirspurn eykst.

Það verður spennandi að fylgjast með nýjum og áhugaverðum rithöfundum á næstu mánuðum og árum sem munu gefa út sína fyrstu bók sem rafbók. Hver veit nema næsti Laxness eða Einar Kárason muni uppgötvast gegnum rafbókaformið.

# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM**

Rúm Gott
**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**59 VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR** rithöfundur á afmæli í dag.
*„Ólæsið er einsog það hefur alltaf verið í þágu þeirra sem engu vilja breyta.“*

---

✝



Móðir okkar og stjúpmóðir,

**GUNNLAUG HANNESDÓTTIR**
**Sléttuvegi 13, Reykjavík,**

lést laugardaginn 11. ágúst á Hjúkrunarheimilinu Eir.

**Sigríður Karlsdóttir**
**Ragnhildur Guðrún Karlsdóttir**
**Jóhanna Karlsdóttir**
**Ingibjörg Karlsdóttir**
**Guðmundur Karlsson**
**Garðar Karlsson**

---

✝



Móðir mín, amma og langamma,

**HELGA M. PÁLSDÓTTIR**
**Lindasíðu 2, Akureyri,**

lést fimmtudaginn 9. ágúst. Útförin fer fram frá Glerárkirkju mánudaginn 20. ágúst kl. 13.30.

**Gunnhildur Ásgeirsdóttir** **Þorgrímur G. Jörgensson**
**Helga Margrét Helgadóttir** **Ómar Örn Magnússon**
**Sara Helgadóttir** **Birgir Örn Guðjónsson**
**og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur sonur okkar, bróðir og mágur,

**BJÖRGVIN ÞÓR KRISTJÁNSSON**

lést á lungnadeild Landspítalans 8. ágúst. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 17. ágúst kl. 15.00.

**Kristján Arngrímsson**
**Anna Dís Björgvinsdóttir**
**Bryndís Kristjánsdóttir** **Valdimar Leifsson**
**Arna Kristjánsdóttir**
**Sjöfn Kristjánsdóttir** **Jón Þór Einarsson**
**Snorri Kristjánsson** **Lily Hernandez**
**Anton Ísak Sigurðsson** **Margrét Erla Finnbogadóttir**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**DAGMAR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Dvalarheimilinu Jaðri,Ólafsvík,**

lést 12. ágúst. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðmundur Bergþórsson** **Matthildur K. Friðjónsdóttir**
**Þorsteinn Bergþórsson**
**Ásdís U. Bergþórsdóttir** **Helgi Kr. Gunnarsson**
**Hrönn Bergþórsdóttir** **Björgvin Ármannsson**
**Freyja E. Bergþórsdóttir** **Þórarinn S. Hilmarsson**
**Björk Bergþórsdóttir** **Guðni Sigurðsson**
**Aron K. Bergþórsson** **Kristín B. Karlsdóttir**
**Jóhanna Bergþórsdóttir**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug vegna fráfalls og útfarar mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR HALLBERU ÁRNADÓTTUR**
**Skólastíg 14, Stykkishólmi,**

sem lést 14. júlí. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, á Akranesi og í Stykkishólmi.

**Sigrún Ársælsdóttir**
**Árdís Sigurðardóttir Dilling** **Arne H. Dilling**
**Sesselja Guðrún Sigurðardóttir** **Guðjón Þorkelsson**
**Sigurborg Inga Sigurðardóttir** **Pétur Jakob Jóhannsson**
**Unnur Sigurðardóttir** **Páll H. Sigvaldason**
**Aðalsteinn Sigurðsson** **Jónína Shipp**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNHILDUR RAGNA FINNSDÓTTIR**
**Staðarhóli, Eyjafjarðarsveit,**

lést föstudaginn 10. ágúst. Jarðsungið verður frá Munkaþverárkirkju, föstudaginn 17. ágúst kl. 13.30.

**Sigurgeir Garðarsson**
**Garðar Rúnar Sigurgeirsson** **Arnbjörg Sveinsdóttir**
**Finnur Sigurgeirsson**
**Valdimar Sigurgeirsson** **Soffía Pálmadóttir**
**Unnsteinn Sigurgeirsson** **Harpa Gylfadóttir**
**Magnús Geir Sigurgeirsson** **Linda Robinson**
**Sigurgeir Sigurgeirsson** **Ásta Heiðrún Stefánsdóttir**
**Ragnheiður Sigurgeirsdóttir** **Gísli Baldursson**
**Kolbrún Sigurgeirsdóttir** **Aðalsteinn Ómar Þórisson**
**Erla Sigurgeirsdóttir** **Finnur Steingrímsson**
**Kristrún Sigurgeirsdóttir** **Þórarinn Guðnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



**GISLI SCHEVING KRISTMUNDSSON**
**Efri-Brunnastöðum,**
**Vatnsleysuströnd,**

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, 13. ágúst. Útförin auglýst síðar.

**Elín Kristin Kristmundsdóttir**
**Anna Scheving Kristmundsdóttir**
**Hallgrímur Kristmundsson**
**Virgill Scheving Einarsson**
**Hannesina Scheving Skarphéðinsdóttir**
**Svanur Scheving Skarphéðinsson** **Brynja Hafsteinsdottir**
**Kristmundur Skarphéðinsson** **Ingunn Lúðvíksdóttir**
**Elín Kristín Scheving Skarphéðinsdóttir**
**og börn.**

---

✝



Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**ELÍN REYNISDÓTTIR**
**Sambýlinu Mururima 4, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 8. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á Ás Styrktarfélag s.: 414-0500.

**Reynir Kjartansson** **María Ólafson**
**Þuríður Reynisdóttir** **Ágúst Guðmundsson**
**Viðar Reynisson** **Anna Lilja Másdóttir**
**María Ágústsdóttir** **Guðrún Viðarsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SESSELJA ÞÓRÐARDÓTTIR**
***húsmóðir,***
**frá Sléttubóli í Austur-Landeyjum,**
**síðast til heimilis Álfheimum 54,**
**Reykjavík,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, þriðjudaginn 7. ágúst s.l. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

**Guðrún Erlendsdóttir** **Davíð Janis**
**Valgerður Erlendsdóttir** **Stephen J. Carter**
**Ólafur Þór Erlendsson** **Hildur Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓLAFUR GUNNARSSON**
**verkfræðingur,**
**Hraunbraut 12, Kópavogi,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans á Hringbraut þriðjudaginn 7. ágúst. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00.

**Ágústa Guðmundsdóttir**
**Ásta Ólafsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Guðni Einarsson**
**Kolbrún Þorsteinsdóttir**
**Einar Atli Guðnason, Ólafur Breki Guðnason og Kristján Darri Guðnason**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÓLÖF JÓHANNSDÓTTIR**
**Miðholti 10, Þórshöfn,**

lést á Landspítalanum í Reykjavík miðvikudaginn 8. ágúst. Útförin fer fram frá Þórshafnarkirkju laugardaginn 18. ágúst kl. 14.00.

**Úlfar Þórðarson** **Kristín Kristjánsdóttir**
**Jóhann Ólafur Þórðarson** **Freygerður Friðriksdóttir**
**Þóra Ragnheiður Þórðardóttir** **Bergur Steingrímsson**
**Þórður Þórðarson** **Líney Sigurðardóttir**
**Oddgeir Þórðarson** **Sigrún Inga Sigurðardóttir**
**Helena Þórðardóttir** **Höskuldur Sveinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



**KENNARASMIÐJA** Arnfríður var við kennslu í Háteigsskóla í gær þar sem grunnskólakennarar lærðu réttu kennsluhættina fyrir haustið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**BIOPHILIU-KENNSLUSMIÐJUR:** BYRJA Í GRUNNSKÓLUM REYKJAVÍKUR Í HAUST

## Tónlist og vísindi

„Verkfærakista mun flakka milli grunnskóla Reykjavíkur og munu nemendur á miðstigi nota sköpun sem rannsóknaraðferð,“ segir Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar hjá Reykjavíkurborg. Hún hefur meðal annarra þróað Biophiliu-tónvísindasmiðjurnar sem hafið verður að kenna í grunnskólum borgarinnar fyrstu vikuna í september.

Um er að ræða þverfaglegt samstarfsverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur, Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar til þriggja ára.

„Í verkfærakistunni verður að finna 25 spjaldtölvur, tæki fyrir náttúrufræðitilraunir, hljóðfæri og upptökur af tíu fyrirlestrum vísindamanna frá háskólanum sem hver byggir á grunnhugmyndafræði hvers lags á plötu Bjarkar, Biophiliu,“ segir hún.

Verkefnið á að brjóta upp hið hefðbundna kennsluform og hvetja kennara til að vinna þverfaglega á milli aldurshópa og námsgreina. „Við viljum vinna þverfaglega milli faga. Eins og til dæmis stærðfræði, raungreina, tónfræði og smíði. Þetta er allt svo keimlíkt og með þessu erum við að nota listir í gegnum menntun,“ segir Arnfríður. „Í kistunni eru hugmyndir að kennsluháttum og allir þátttakendur geta lagt sitt af mörkum og bætt hugmyndum í safnið. Við stefnum þannig á að vera með heilsteypt kennsluefni sem við getum jafnvel gefið út eftir þrjú ár.“

Þróun smiðjanna hófst í Hörpu 10. október til 3. nóvember. „Þar tóku 58 nemendur á aldrinum tíu til tólf ára úr fjórum grunnskólum í Reykjavík þátt.“ Síðan þá hafa þær farið um heiminn í tengslum við tónleikaferð Bjarkar.

Melaskóli, Foldaskóli, Kelduskóli, Ártúnsskóli og Dalsskóli halda tónvísindasmiðjur á haustönn. Aðrir skólar taka verkefnið upp á vorönn og svo framvegis til ársins 2014.

Markmiðið er að samþætta á nýstárlegan hátt tónlist, vísindi, tölvutækni, móðurmál og jafnvel fleiri námsgreinar. Inni í undraheimi Biophiliu læra nemendur á smáforrit sem eru þau fyrstu sinnar tegundar í heiminum og skapa í framhaldinu eigin tónsmíðar.

hallfridur@frettabladid.is

---

✝



Hjartkær eiginmaður minn,

**GUÐJÓN ÞORBERGSSON**
**Lækjasmára 6,**
**Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 5. ágúst sl. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 17. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vildu minnast hins látna er bent á minningarsjóð Skógarbæjar sími 510-2100.

**Jónína Þorsteinsdóttir**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**ÞORSTEINN ÞÓRISSON**
**fyrrverandi skipstjóri,**
**áður til heimilis að Hamrahlíð 25,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 6. ágúst. Útför fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 16. ágúst kl. 13.00.

**Svava Sveinsdóttir**
**Júlía Margrét Þorsteinsdóttir** **Skarphéðinn Reynisson**
**barnabörn og aðrir aðstandendur.**

OYSTER PERPETUAL LADY-DATEJUST PEARLMASTER



ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 15. ágúst 2012 | 13. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



Hraði!
Skilvirkni!
Sveigjanleiki!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is





## Títan fjárfestingafélag tapaði 135 milljónum á síðasta ári

Títan fjárfestingafélag, sem er í 100 prósenta eigu Skúla Mogensen, tapaði 135 milljónum króna á síðasta ári. Eigið fé félagsins um síðustu áramót var neikvætt um 102 milljónir króna. Það tapaði 44,5 milljónum króna árið áður. Eignir félagsins eru metnar á rúmlega 1,3 milljarða króna.

Títan á meðal annars 17,3 prósenta hlut í MP banka, 90 prósenta hlut í flugfélaginu Wow Air, 5,17 prósenta hlut í Advania og 17,7 prósenta hlut í Carbon Recycling International.

Skuldir félagsins nema 1,4 milljörðum króna og eru allar við Skúla sjálfan eða félög í hans eigu.

Skúli og eiginkona hans, Margrét Ásgeirsdóttir, voru efst á lista Viðskiptablaðsins yfir 170 helstu auðmenn landsins reiknað út frá auðlegðarskatti. Hjónin greiddu nálægt 150 milljónum króna í auðlegðar- og viðbótarauðlegðarskatt vegna ársins 2011. Hrein eign þeirra hjóna nemur því um 7,5 milljörðum króna samkvæmt álagningarskrám ríkisskattstjóra.

Skúli hagnaðist á því að selja fyrirtækið Oz til finnska farsímarisans Nokia haustið 2008. - þsj

## Steinar Guðgeirsson stofnar nýja lögfræðistofu, Íslög

Steinar Þór Guðgeirsson, hæstaréttarlögmaður, hefur stofnað lögfræðistofuna Íslög. Steinar var stjórnarmaður í og síðar formaður skilanefndar Kaupþings þar til um síðustu áramót þegar nefndin var lögð niður. Steinar starfaði áður á Lögfræðistofu Reykjavíkur en þar varð hann meðeigandi árið 2001.

Félagið utan um stofuna, Íslög ehf., var stofnað í mars síðastliðnum af félögunum Mýrebella ehf. og Logia ehf. Mýrebella er í eigu Steinars og eiginkonu hans Ástríðar Gísladóttur sem er jafnframt hæstaréttarlögmaður og fyrrum starfsmaður Lögfræðistofu Reykjavíkur. Logia er hins vegar í eigu Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur hæstaréttarlögmanns. Guðrún, sem er fyrrum aðallögfræðingur Marels, hefur starfað sjálfstætt undir nafni Logia frá árinu 2009.

Framkvæmdastjóri og prókúruhafi nýju stofunnar er Birna Gísladóttir sem hefur starfað sem framkvæmdastjóri Lögfræðistofu Reykjavíkur. - mþl




MARGVERÐLAUNUÐ BARNAGLERAUGU FRÁ LINDBERG

– 3 ára ábyrgð –

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Samsetning bensínverðs og verðþróun

Frá ágúst 2007 hefur algengt verð á 95 oktana bensíni hækkað úr 121 krónu á lítrann í tæpar 247 krónur. Samsvarar það 133% hækkun á tímabilinu. Hlutur ríkisins og annara í lítraverðinu hefur verið breytilegur og samkvæmt útreikningum frá DataMarket fyrir ágúst er hlutur ríkisins nú 119 krónur eða 48% af heildarverðinu. Hlutur annara er 128 krónur eða 52%. Bláa línan á myndinni sýnir algengt verð á bensínlítra en brúna og gula línan hlut ríkis og annarra aðila í heildarverði.




Heimild: DataMarket http://data.is/ShjZ6t

### Hlutfall skatta og annarra liða í bensínlítra.




Heimild: http://data.is/ShjCsM

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 15. ágúst**
- Tryggingafélög-hagtölur SÍ

**Fimmtudagur 16. ágúst**
- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Fiskafli í júlí 2012

**Föstudagur 17. ágúst**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Samræmd vísitala neysluverðs

**Þriðjudagur 21. ágúst**
- Vísitala byggingakostnaðar
- Verðmæti sjávarafla janúar-maí 2012
- Útboð verðbréfa

**Miðvikudagur 22. ágúst**
- Vaxtaákvörðunardagur SÍ
- Útboð ríkisvíxla

**Fimmtudagur 23. ágúst**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði
- Mánaðarleg launavísitala í júlí 2012
- Greiðslujöfnunarvísitala í sept. 2012

**Föstudagur 24. ágúst**
- Gjalddagi RIKB 12 0824

Bankakerfi-hagtölur SÍ

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




# Eik eykur hlutafé um tvo milljarða króna

***Hópur fjárfesta keypti nýtt hlutafé í fasteignafélaginu Eik í júní. Afsláttur var gefinn í útboðinu sem var mjög hagstætt. Samið verður um endurfjármögnun og stefnan sett á skráningu á markað.***

**FASTEIGNIR**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Eik fasteignafélag seldi nýtt hlutafé fyrir tæplega tvo milljarða króna í lokuðu útboði í júní síðastliðnum. Kaupendur voru fagfjárfestar, að mestu lífeyrissjóðir, og einstaklingar. Lýsing hf., sem var stærsti einstaki eigandi Eikar um síðustu áramót, tók ekki þátt í því.

Féð sem fékkst fyrir hina nýju hluti var notað til að greiða niður skuldir félagsins. Eik vinnur auk þess að því að klára endurfjármögnun á skuldum sínum ásamt fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka og segir Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri Eikar, að hún muni minnka vaxtakostnað félagsins umtalsvert. Til stendur að endurfjármögnun ljúki í september.

Eik kláraði fjárahagslega endurskipulagningu sína í fyrrasumar. Þá gerði félagið samkomulag við óveðtryggða lánveitendur, sem átt höfðu skuldabréf í flokki sem það gaf út, um að þeir breyttu skuldum í eigið fé upp á 3,1 milljarð króna. Þetta var gert með útgáfu á nýju hlutafé. Auk þess var samið við aðra lánveitendur Eikar um að lengja í greiðsluferli langtímalána.

Að sögn Garðars fengu þeir sem áttu skuldabréf á Eik hátt í hundrað prósent endurheimtir með þessari aðgerð. „Við gerum síðan ráð fyrir að þær endurheimtir verði rúmlega það þegar kemur að því að Eik fari á markað." Garðar segir skráningu vera framtíðarmúsík, en þó sé ekki of langt þangað til hún gæti orðið að veruleika.

Ráðist var í lokað hlutafjárútboð í júní síðastliðnum og voru 583 milljón hlutir seldir á genginu 3,15 krónur á hlut. Alls var söluandvirði hlutafjárins því rúmlega 1,8 milljarðar króna. Auk þess er heimild í samþykktum Eikar til að hækka hlutafé um 55,6 milljónir króna til viðbótar á sama gengi.

Garðar segir að Eik hafi verið heimilt að selja enn meira, en ákveðið hafi verið að gera það ekki. „Við erum mjög sáttir með niðurstöðuna. Við erum síðan að fara að ráðast í endurfjármögnun á næstunni þar sem vaxtaprósenta lána mun lækka verulega. Staða Eikar verður því orðin mjög sterk eftir þessar aðgerðir."

Arion banki breytti rúmlega 240 milljóna króna kröfu á hendur Eik í nýtt hlutafé í maí síðastliðnum. Þá var gengi viðskiptanna fjórar krónur á hlut. Rúmum mánuði síðar var nýtt hlutafé hins vegar selt á 3,15 krónur. Að sögn Garðars var ákveðið að gefa væntanlegum fjárfestum afslátt í því útboði. Gengið hafi verið lægra en það sem stjórnendur Eikar telja virði félagsins vera.

Eik skilaði ársreikningi fyrir árið 2011 í júní síðastliðnum. Þar kemur fram að félagið hafi hagnast um tíu milljónir króna í fyrra og að eigið fé þess hafi verið um fjórir milljarðar króna um síðustu áramót. Eignir félagsins voru metnar á 19,9 milljarða króna í lok síðasta árs og skuldir þess voru um sextán milljarðar króna. Endurskoðandi Eikar bendir á í reikningnum að gangvirði fjárfestingaeigna félagsins sé byggt á mati stjórnenda á þróun ýmissa þátta í framtíðinni. Raunverulegt gangverð kunni að vera frábrugðið því mati. Orðrétt segir síðan að „við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi er meiri óvissa en ella um raunverulegt verðmæti eigna".

Garðar segir verðmat eigna miða við sjóðstreymisvæntingar, enda séu alltof fá viðskipti á markaði til að miða við þau til að finna út markaðsverð. Hann telur Eik meta eignir með svipuðum hætti og önnur fasteignafélög. „Það væri mun auðveldara að finna út markaðsverð ef við hefðum sýnilegan markað. Hann er hins vegar ekki mjög sýnilegur hérna."




**ENDURSAMIÐ** Stærsti einstaki leigutaki Eikar er Húsasmiðjan. Endursamið var um leigu fyrirtækisins þegar það var endurskipulagt. Forstjóri Eikar segir það auðvitað hafa haft áhrif á greiðsluflæði félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

### ENDURSAMIÐ UM LEIGU HÚSASMIÐJUNNAR

**EIK FASTEIGNAFÉLAG** var stofnað árið 2002 þegar eignir Húsasmiðjunnar voru færðar út úr rekstrarfélagi þess fyrirtækis og yfir í sérstakt fasteignafélag. Húsasmiðjan hefur alla tíð síðan verið stærsti viðskiptavinur Eikar. Eftir bankahrun var leigukostnaður að sliga Húsasmiðjuna, enda var hlutfall hans af veltu orðið um átta prósent af veltu fyrirtækisins. Sigurður Arnar Sigurðsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, sagði í viðtali við Markaðinn í apríl síðastliðnum að Húsasmiðjan hefði ráðist í að endursemja við alla sína leigusala til að gera fyrirtækið aftur rekstrarhæft. Það hefði náðst.

Garðar segir að búið hafi verið að taka tillit til þessa þegar kom að endurskipulagningu Eikar í fyrra. „Þetta hafði auðvitað áhrif á tekjuflæðið okkar. Það er engin spurning."

Creditinfo býður nú svokallað áhættumat á vanskilaáhættu einstaklinga:

# Skilvísir geti notið þess í kjörum

Creditinfo á Íslandi hefur ýtt úr vör nýrri þjónustu þar sem áhætta einstaklinga á því að enda á vanskilaskrá er metin. Vonast fyrirtækið til þess að skilvísir einstaklingar geti nýtt sér áhættumat frá fyrirtækinu til að fá betri kjör í viðskiptum.



SAMÚEL ÁSGEIR WHITE

„Þetta er stór nýjung í íslensku viðskiptalífi," segir Samúel Ásgeir White, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Creditinfo, og bætir við að það sé vel þekkt í nágrannalöndum Íslands að einstaklingar láti gera slíkt áhættumat sem oft sé krafist þegar einstaklingar sækja um reikningsviðskipti, lán eða annað þess háttar.

„Þetta býður einnig upp á það að Íslendingar sem eru með sín fjármál á hreinu, og fá þar með gott áhættumat, geta nýtt sér matið til að fá betri kjör í viðskiptum. Það er með öðrum orðum hægt að umbuna þeim sem eru skilvísir og með sitt á hreinu, til dæmis við lántöku," segir Samúel og heldur áfram: „Við erum búin að vera að þróa áhættumatið í nokkur ár en það verður aðgengilegt fyrir einstaklinga á næstu vikum í gegnum vefsíðu okkar. Það eru hins vegar nokkur fyrirtæki þegar byrjuð að innleiða þjónustuna með það fyrir augum að hafa áhættumatið til hliðsjónar við ákvarðanir um lánveitingar."

Áhættumat Creditinfo flokkar einstaklinga, sem ekki eru nú þegar í alvarlegum vanskilum, í áhættuhópa sem byggja á líkunum sem Creditinfo telur á því að viðkomandi lendi í alvarlegum vanskilum á næstu tólf mánuðum. Reiknilíkan fyrirtækisins byggir á fjölmörgum misveigamiklum þáttum en í hópi þeirra eru aldur, búseta, upplýsingar úr skatta- og útsvarsskrá, upplýsingar um söguleg vanskil og tengsl við fyrirtæki.

Samúel segir að líkanið byggi á mjög ýtarlegum gagnagrunni Creditinfo en fyrirtækið hefur um árabil áhættumetið fyrirtæki á sama hátt og nú stendur til að gera með einstaklinga. Þá segir hann að spástyrkur reiknilíkansins sé mjög mikill en það byggir á samráði við erlenda sérfræðinga.

Creditinfo hefur gilt starfsleyfi frá Persónuvernd sem er skilyrði fyrir skráningu og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

- mþl




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár. Kristín Hrönn er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**REYKJAVÍK** Íbúðalánasjóður hefur veitt talsvert færri íbúðalán það sem af er þessu ári en á sama tímabili í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Alls 716 íbúðalán verið veitt frá áramótum:

# Útlán Íbúðalánasjóðs nokkuð minni í júlí

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs í júlí námu rúmum 1,1 milljarði króna. Þar af var einn milljarður vegna almennra lána en meðalupphæð þeirra var um 10,9 milljónir króna.

Til samanburðar námu heildarútlán í júní 1,9 milljörðum króna. Þá voru almenn útlán í júlí í fyrra um 2,2 milljarðar króna en hlutdeild útlána Íbúðalánasjóðs í heildarveltu á fasteignamarkaði hefur farið minnkandi eftir tilkomu óverðtryggðra lána sem viðskiptabankarnir bjóða. Íbúðalánasjóður hyggst hefja að bjóða slík lán í haust.

Á fyrstu sjö mánuðum ársins veitti Íbúðalánasjóður alls 716 almenn íbúðalán. Á sama tímabili í fyrra voru veitt 1.339 lán.

Ávöxtunarkrafa lengri flokka íbúðabréfa, HFF24, HFF34 og HFF44, lækkaði í júlí um 3 til 18 punkta. Ávöxtunarkrafa stysta flokks íbúðabréfa, HFF14, hækkaði hins vegar um 26 punkta í mánuðinum.

Heildarvelta með íbúðabréf nam í júlí 20,7 milljörðum króna samanborið við 51,2 milljarða í júní. - mþl

Rúmlega hálfs milljarðs arður á þremur árum:

# Mörkin hagnaðist um 181 milljón í fyrra



**MÖRKIN** Hæstaréttarlögmaðurinn Gestur Jónsson er einn eigenda lögmannsstofunnar.

Mörkin lögmannsstofa hagnaðist um 181,3 milljónir króna á árinu 2011. Stofan, sem er í eigu sjö lögmanna, hefur hagnast samtals um 553 milljónir króna á síðustu þremur árum. Þetta kemur fram í ársreikningi fyrir árið 2011 sem Mörkin skilaði til ársreikningaskráar 25. júní síðastliðinn. Þar segir líka að stjórn félagsins leggi til að allur hagnaðurinn verði greiddur út til hluthafa.

Mörkin skilaði 179 milljóna króna hagnaði á árinu 2010 og 193 milljónum króna árið 2009. Nánast allur hagnaður stofunnar er greiddur út sem arður árlega.

Sjö lögmenn eiga sinn 14,3 prósenta hlutinn hver í Mörkinni. Þeir eru Gestur Jónsson, Ragnar H. Hall, Einar Þór Sverrisson, Gunnar Jónsson, Gísli Guðni Hall, Geir Gestsson og Hörður Felix Harðarson. Miðað við arðgreiðslur sem greiddar hafa verið út á síðustu þremur árum hefur hver þeirra fengið um 79 milljónir króna í sinn hlut. - þsj

Nýr meðeigandi að mannauðs- og ráðgjafarfyrirtæki:

# Sigrún Þorleifsdóttir til liðs við Attentus



**SIGRÚN ÞORLEIFSDÓTTIR** Mun veita ráðgjöf á sviði stjórnunar og samskipta auk þess að sinna leiðtogaþjálfun.

Sigrún Þorleifsdóttir hefur gengið til liðs við Attentus – mannauð og ráðgjöf sem meðeigandi. Hjá Attentus mun hún veita ráðgjöf á sviði stjórnunar og samskipta auk þess sem Sigrún mun sinna leiðtogaþjálfun. Hún hefur meðal annars starfað sem stjórnandi hjá Eimskip, SH/Icelandic og víðar í nær 20 ár. Hún kennir auk þess leiðtogaþjálfun í MBA-námi Háskóla Íslands og hefur sérhæft sig í samskiptum innan fyrirtækja. Í tilkynningu frá Attentus kemur fram að með tilkomu Sigrúnar mun fyrirtækið geta boðið stjórnendum upp á víðtækari lausnir en áður, meðal annars á sviði innri samskipta í fyrirtækjum og leiðtogaþróunar.

Attentus hlaut fyrr á þessu ári hvatningarverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) fyrir brautryðjendastarf á sviði mannauðsmála og þróun á viðskiptalausninni „Mannauðsstjóri til leigu“. - þsj



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Ráðuneyti Oddnýjar Harðardóttur leiðir vinnu við breytingar á opinbera lífeyrissjóðakerfinu. Stefnt er að því að færa kerfið í átt að almenna lífeyrissjóðakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Eitt kerfi fyrir alla

***Viðræður standa yfir á milli stjórnvalda og stéttarfélaga opinberra starfsmanna um breytingar á opinbera lífeyrissjóðakerfinu.***

**LÍFEYRISSJÓÐIR**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Viðræður standa yfir á milli stjórnvalda og helstu stéttarfélaga opinberra starfsmanna um stórtækar breytingar á lífeyrissjóðskerfi þeirra. Samkvæmt heimildum Markaðarins er meðal annars rætt um að hækka eftirlaunaaldur opinberra starfsmanna úr 65 árum í 67 ár og að breyta réttindaávinnslu þeirra þannig að hún verði línuleg, líkt og er í almenna lífeyrissjóðakerfinu. Fyrir þessar breytingar myndi ríkissjóður þurfa að greiða mjög háa upphæð í bætur inn í opinbera kerfið, enda ljóst að lífeyriskjör opinberra starfsmanna myndu skerðast til lengri tíma frá því sem nú er. Í staðinn myndi fást mun ódýrara kerfi fyrir ríkissjóð til frambúðar.

Heimildir Markaðarins herma að viðræður milli stjórnvalda annars vegar og stéttarfélaga opinberra starfsmanna hins vegar hafi staðið yfir um nokkurt skeið. Þær eru á viðkvæmu samningsstigi sem stendur en ef næst saman mun frumvarp um breytingar á opinbera lífeyriskerfinu verða lagt fram eftir um tvo mánuði. Gangi þessar hugmyndir eftir mun verða eitt lífeyrissjóðakerfi í landinu í stað tveggja líkt og nú er.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er rekinn í tveimur deildum, A-deild sem allir ríkisstarfsmenn eftir árið 1997 hafa greitt í og B-deild, sem er gamli sjóður opinberra starfsmanna. LSR er með ríkisábyrgð, sem þýðir að ef halli er á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins þarf ríkið að hækka það iðgjald sem það greiðir í sjóðinn. Iðgjaldshækkanirnar eru því greiddar með skattfé. Með öðrum orðum skiptir engu máli þótt sjóðurinn tapi peningum, líkt og hann og allir aðrir lífeyrissjóðir gerðu í bankahruninu, ríkið er skuldbundið til að bæta greiðendum í sjóðinn það tap. Þeir lífeyrissjóðir sem tilheyra almenna kerfinu hafa hins vegar þurft að skerða lífeyrisgreiðslur til sinna skjólstæðinga vegna þess taps sem þeir urðu fyrir.

Hallinn á A-deild LSR, sem nam 57,4 milljörðum króna um síðustu áramót, jókst um rúmlega tíu milljarða króna á síðasta ári. Stjórnvöld hafa ekki viljað hækka iðgjald sitt í sjóðinn frá bankahruni. Það myndi enda þýða margra milljarða króna greiðslu úr ríkissjóði til sjóðsins á hverju ári. Stjórnvöld hafa því, þar til nú, ýtt stigvaxandi vanda á undan sér.

B-deildin, þar sem engir nýir lífeyrisþegar bætast við, þarf um 17 milljarða króna til að standa við skuldbindingar sínar. Ef ekkert verður gert varðandi inngreiðslur í þann sjóð verður hann tómur eftir um áratug og mun ekki geta staðið við framtíðarskuldbindingar sínar.

## HREINAR SKULDBINDINGAR 373 MILLJARÐAR

**Í RÍKISREIKNINGI** fyrir árið 2011 eru hreinar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs vegna lífeyris taldar vera 373 milljarðar króna og hækkuðu um 27,9 milljarða króna í fyrra. Heildarstaða A-deildar LSR, þegar reiknað er með því að allir núverandi sjóðsfélagar greiði áfram iðgjöld í sjóðinn þar til þeir fara á eftirlaun er neikvæð um 57,4 milljarða króna. Sú staða hefur versnað um tíu milljarða króna á milli ára.

Skuldbinding ríkisins vegna lífeyris er þannig tilkomin að ríkið ábyrgist að starfsmenn sem eiga aðild að B-deild LSR og aðrir sem svipað háttar til um, fái eftirlaunagreiðslur óháð innborguðum iðgjöldum og ávöxtun þeirra. Starfsmenn unnu sér þannig inn ákveðin réttindi fyrir hvert ár í starfi.

A-deild LSR er síðan hugsuð þannig að hún eigi að vera sjálfbær. Ákvæði eru hins vegar í lögum sem segja að komi í ljós við tryggingafræðilega athugun að iðgjald sjóðsfélaga ásamt mótframlagi launagreiðanda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum skuli stjórn LSR hækka framlag launagreiðenda í samræmi við þá athugun. Sá launagreiðandi er ríkið og því er í reynd ríkistrygging á lífeyrissjóðsgreiðslum opinberra starfsmanna. Réttindin eru auk þess verðtryggð.

Neikvæður hagvöxtur á evrusvæðinu á 2. ársfjórðungi en jákvæðar fréttir inn á milli í nýjum hagtölum:

# Skuldakreppan skekur evrulöndin

Hagkerfi evrusvæðisins dróst saman um 0,2% á öðrum ársfjórðungi þessa árs miðað við þann fyrsta. Örlítið meiri kraftur var í þýska og franska hagkerfinu en búist hafði verið við en landsframleiðsla í Grikklandi, Ítalíu, Spáni og Finnlandi dróst nokkuð saman.

Rétt eins og á evrusvæðinu dróst hagkerfi Evrópusambandsins (ESB) saman um 0,2% miðað við ársfjórðunginn á undan. Þátttakendur í evrunni eru sautján af 27 ríkjum ESB. Þetta leiða bráðabirgðatölur Eurostat, hagstofu ESB, í ljós.

Til samanburðar var 0,4% hagvöxtur í Bandaríkjunum á öðrum ársfjórðungi og á sama tímabili var 0,3% hagvöxtur í Japan. Hagstofa Íslands mun í september birta tölur yfir landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi.



**SEÐLABANKI EVRÓPU** Margir binda vonir við að Seðlabanki Evrópu ýti undir hagvöxt á evrusvæðinu á næstunni. NORDICPHOTOS/AFP

Aukin fjárfesting og einkaneysla voru aflvakar hagvaxtarins í Þýskalandi sem mældist 0,3% á öðrum ársfjórðungi en spár höfðu bent til 0,1% vaxtar. Búist hafði verið við samdrætti í Frakklandi á ársfjórðungnum en í reynd stóð stærð hagkerfisins í stað. Þá var 0,2% hagvöxtur í Hollandi sem var jafnframt nokkru meira en spár höfðu gert ráð fyrir.

Þrátt fyrir meiri þrótt í hagkerfum Þýskalands, Frakklands og Hollands telja sumir hagfræðingar nýju hagtölurnar benda til þess að skuldakreppan í Suður-Evrópu sé að læsa klónum í sum ríkja Norður-Evrópu. Til marks um það skrapp finnska hagkerfið saman um 1,0% á öðrum ársfjórðungi.

Niðursveiflan í Grikklandi sýnir enn ekki merki þess að vera að ganga niður en þar í landi mældist samdráttur 6,2% á ársgrundvelli á öðrum ársfjórðungi. Þá var neikvæður hagvöxtur á Ítalíu og á Spáni upp á 2,5% og 1,0% á ársgrundvelli í hvoru landinu fyrir sig. - mþl

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## ALLTAF Á FERÐINNI

**Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, er stöðugt á ferðalögum um heiminn. Frá því hún tók við embætti hefur hún komið til yfir eitt hundrað landa. Clinton er sá utanríkisráðherra Bandaríkjanna sem hefur ferðast mest í starfi. Hún segir mikilvægt að hitta fólk frekar en að ræða við það í gegnum tölvu.**

# HJÓLAÐ AF ÁBYRGÐ

**ÚTIVIST Á VÉLHJÓLI** *Slóðavinir eru samtök vélhjólamanna sem nota vélhjól til útivistar og ferðalaga. Megintilgangur þeirra er að standa vörð um tilvist og akstur vélhjóla á torleiðum, þjóðleiðum og vegslóðum.*

Ásgeir Rúnarsson ók um á skellinöðru sem unglingur og keppti síðar í rallíkrossi. Eftir nokkurra ára hlé frá mótorsporti eignaðist hann aftur vélhjól. Í dag er hann formaður Slóðavina.

„Slóðavinir snúast um ferðalög og útivist á hjólum með áherslu á ábyrga ferðamennsku. Það þýðir að við tökum tillit til annarra ferðamanna og höldum okkur ávallt innan slóða til að valda ekki spjöllum á landslagi. Einnig höldum við utan um skráningu vegslóða."

Slóðavinir gera kröfu á félagsmenn um að hjól þeirra séu í góðu ásigkomulagi, skráð á númer með grunnljósabúnað í lagi, standari sé á tvíhjólum og að ökuskírteini séu ávallt meðferðis ásamt góða skapinu.

**ÁBYRG STEFNA**

„Allt of algengt er að litið sé á ferðahjólafólk sem einhvers konar náttúruníðinga sem spæna upp gróður hvar sem er. Markmið okkar er að breyta þessari ímynd með því að stuðla að ábyrgri vélhjólanotkun. Það er gert meðal annars með því að halda reglulega námskeið fyrir félagsmenn. Þetta eru skyndihjálparnámskeið, vaðnámskeið, GPS-námskeið og námskeið í aksturstækni fyrir nýliða svo eitthvað sé nefnt. Margir hafa einmitt gengið í félagið vegna okkar ábyrgu stefnu. Annar mikilvægur þáttur er skipulagðar vélhjólaferðir."

**MIKIL REYNSLA**

Fólk vill upplifa öryggið sem fylgir því að ferðast með okkar félagsmönnum og reynslunni sem bundin er inn í félagasamtökin." Ferðirnar taka allt frá parti úr degi upp í nokkra daga þar sem farið er yfir há- og láglendi. „Í lok júlí fórum við í dagsferð kringum Langjökul. Það var erfið ferð sem byggði á því að hjóla um 400 kílómetra á einum degi. Nú í ágúst förum við svo í árlega fjögurra daga norðurferð sem gerð er út frá Akureyri. Ekið er upp á hálendið, inn að Laugafelli, niður í Bárðardal og svo um vegslóða í Mývatnssveit um gríðarlega falleg gróin svæði." Ásgeir segir sportið henta bæði konum og körlum þótt konur séu í minnihluta. „Við vorum með sérstakar kvennaferðir en í fyrra vorum við með paraferð sem var vinsæl. Minn helsti ferðafélagi er konan mín, þannig að kyn skiptir ekki máli í þessu að mínu mati." Ásgeir hvetur alla þá sem áhuga hafa á Slóðavinum að líta á heimasíðu félagsins www.slodavinir.org.



**SKIPULAGÐAR FERÐIR** Slóðavinir fara reglulega í skipulagðar vélhjólaferðir. „Fólk vill upplifa öryggið sem fylgir því að ferðast með okkar félagsmönnum og reynslunni sem er í félagasamtökunum." MYND/GVA



Útsala
40-70% afsláttur
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is


Hugsaðu vel um fæturna
Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „ Annapolis" Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi.
Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-
Misty skor Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugard. 7. apríl
BIRKENSTOCK
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum

TILBOÐ
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
BESTU BROTIN AF X-INU
X 97·7
vísir - oft á dag

Meirapróf




ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Nýtt námskeið hefst 22. ágúst


Við berum út sögur af frægu fólki
Póst dreifing
Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

# STUTT AÐ FARA

■ **Raufarhólshellir er í um 30 mínútna akstursfjarlægð frá borginni. Hann er einn þekktasti hellir landsins.**



**Raufarhólshellir er í Leitahrauni á Reykjanesskaga og myndaðist við hraunrennsli fyrir um fimm þúsund árum. Hellirinn er rétt fyrir ofan efsta hjallann á Þrengslavegi. Hann er ekki vel sýnilegur frá veginum, þótt hann sé aðeins steinsnar frá honum austanverðum. Inngangur í Raufarhólshelli er um op sem myndast hefur við það að hluti af hraunþakinu hefur fallið niður.**

**Heildarlengd hellisins er um 1360 metrar, hann er tíu til fimmtán metra breiður og um tíu metrar á hæð. Innst kvíslast hellirinn í þrjú göng. Rennslið úr þeim hefur sameinast í Raufarhólshelli. Hraunfossar og aðrar fagrar hraunmyndanir eru innst í öllum þessum göngum. Gríðarlegar hvelfingar eru í Raufarhólshelli og er ganga um hellinn því mikið ævintýri og margt forvitnilegt sem ber fyrir augu. Hellirinn hefur þó goldið fyrir að hafa fundist snemma, því að ekkert er eftir af dropasteinum eða hraunreipum.**

**Mikilvægt er að vera vel búinn þegar haldið er af stað í hellaferð og helst með hjálm á höfði. Hellirinn er mjög grýttur og erfiður yfirferðar nema allra innst þar sem lítið hefur hrunið úr hellisloftinu.**



**BLÁBERJALESTIN** Gestir verða fluttir milli staða á traktorskerrum meðan á hátíðinni stendur.
MYND/ÞÓRÐUR SIGURÐSSON

# HÁTÍÐ Í BERJAMÓ

**FJÖR Í SÚÐAVÍK** *Bláberjadagar verða haldnir í annað sinn dagana 24. til 26. ágúst. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir allar brekkur bláar af berjum.*

Hátíðin í fyrra tókst gríðarlega vel. Þegar henni lauk var alveg ljóst að hún yrði að árlegum viðburði,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík, en milli fimm og sex hundruð manns sóttu Bláberjadaga síðasta haust.

Brekkurnar fyrir vestan eru bláar af berjum og segir Ómar berjasprettuna síst minni en í fyrra. Skógareldarnir sem loguðu í vikunni sem leið hafa ekki sett strik í reikninginn. „Ég heyri að fólk hefur áhyggjur af því að berjalöndin hafi brunnið en sú er ekki raunin. Þetta eru það stór svæði að hér er nóg af berjum fyrir alla,“ segir hann og er undirbúningur fyrir hátíðina í fullum gangi.

Heimamenn búast við jafnvel fleiri gestum en í fyrra og er búið að gera samkomulag við landeigendur um að veita gestum ókeypis aðgang að berjasvæðum. Þá hafa verið útbúin kort yfir berjasvæði og hvar hvaða berjategundir er helst að finna. Dagskráin verður með svipuðu móti og í fyrra og má þar nefna baksturskeppnina, bláberjahlaupið og bláberjakökuátið sem tókust sérstaklega vel. Þá verður bláberjalestin á ferðinni til að flytja fólk milli staða.

„Bláberjalestin vakti mikla lukku í fyrra,“ segir Ómar en með henni mátti fá sér far milli skemmtiatriða. „Hér á Súðavík eru þrír staðir með vínveitingaleyfi og verða haldnir tónleikar á öllum stöðunum. Bláberjalestin gengur á tuttugu mínútna fresti allt kvöldið og hringir forláta skipsklukku þegar hún leggur af stað.“ Slegið verður upp flóamarkaði og handverksfólk mun selja vörur sínar, andlitsmálning verður í boði fyrir krakkana og sungið við varðeld svo einungis fátt eitt sé nefnt.

„Hér hafa menn sultað, bruggað og bakað úr berjunum frá því elstu menn muna en þetta er í fyrsta sinn á Íslandi sem haldin er berjahátíð þar sem berin eru í fyrirrúmi,“ segir Ómar. Dagskrá hátíðarinnar má lesa nánar um á vefnum www.blaberjadagar.com.

■ **heida@365.is**



**BLÁTT ÞEMA** Heimamenn skreyttu bæinn hátt og lágt í tilefni bláberjadaga.
MYND/ÞÓRÐUR SIGURÐSSON



# MIKLAR ENDURBÆTUR Á KANARÍ

*Mörg hótel verða rifin og ný byggð í staðinn. Sextán hótel verða endurnýjuð og nútímavædd. Meðal nýjunga verður „grænn ferðamannabær“ þar sem lögð verður áhersla á hreina náttúru og umhverfisvernd.*

Fækkun ferðamanna undanfarin ár til Kanaríeyja hefur gert það að verkum að ákveðið hefur verið að endurnýja hótel og vinsæla ferðamannastaði. Mikið kapp verður lagt í að ná ferðamönnunum aftur. Yfirvöld vonast sérstaklega eftir ferðamönnum frá Norðurlöndum, enda eyða þeir mestum peningum, um sextíu evrum á dag.

Lögð hefur verið áhersla á að netvæða svæðið og bjóða upp á fimm stjörnu SPA-hótel samhliða tilboðum til yngri ferðamanna. Frítt þráðlaust net á að vera í boði á öllum betri hótelum. Uppbyggingin fer vel af stað samkvæmt því sem Roberto Moreno Diaz ferðamálaráðherra segir við blaðið Canariajournalen. Glæsilegum golfvöllum verður fjölgað og bætt við nýrri afþreyingu í ævintýrastíl, svo sem hjólaferðum í fjöllum, safaríferðum og náttúruskoðun ýmiss konar.

Liður í þessu verkefni var að bjóða ungu norrænu fólki til Kanaríeyja til að sýna þeim allt það sem í boði er, næturlíf og veitingahús þar á meðal.

Kanaríeyjar töpuðu þúsundum ferðamanna í bankakrísunni 2008 og 2009. Moreno Diaz segir að eldgosið í Eyjafjallajökli á Íslandi hafi kostað Kanaríeyjar 28 þúsund ferðamenn. Ferðamenn frá Norðurlöndunum eru þó smám saman að skila sér til baka. Aukningin á síðasta ári var um 35%.

Vonast er til að aukningin verði mun meiri á næstu árum eftir að búið verður að endurbyggja Ensku ströndina en hún á að baki fimmtíu ára ferðamannasögu. Kominn er tími á ýmsar endurbætur þar. Vonast er til að um 12.000 ný störf skapist við uppbygginguna. Kostnaðurinn verður um 275,5 milljónir evra.



**VILJA FERÐAMENN** Íbúar á Kanaríeyjum gera allt til að lokka ferðamenn á ný en þeim hefur fækkað mikið.

■ **elin@365.is**


LOKA – ÚTSÖLULOK



Núna færð þú 50% viðbótar-afslátt af öllum útsöluvörum

Flott föt fyrir flottar konur

st. 40 – 58

Verslunin Belladonna á Facebook

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460

www.belladonna.is



MEXICO OG GUATEMALA

Mexico/Guatemala er 4. - 17. nóvember

Við kynnumst stórkostlegri náttúru, fjölbreyttu dýralífi og hinum forna menningarheim Maya indíana af eigin reynslu.

Skoðum m.a. hin heimsþekkta piramida Chichén Itza, gamlar menningaborgir, syndum í sjónum við næst stærsta kóralrif heims og upplifum regnskóginn.

Verð 434.560 kr. miðað við tvo í herbergi

Innifalið: Flug, hótel, allar ferðir, skattar og íslenskur fararstjóri.

Trans-Atlantic

Sími 588 8900

www.transatlantic.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# GÓLFEFNI

MIÐVIKUDAGUR **15. ÁGÚST 2012**

**Kynningarblað**
Djúphreinsun
Gólfmottur
Flísar
Parket
Hreinsiefni



BORÐ-
LEGGJANDI
GÆÐI!

BIRGISSON EHF:

# SÉRFRÆÐINGAR Í GÓLFEFNUM OG HURÐUM

ÁRATUGA ÞEKKING OG REYNSLA. MIKIÐ OG GOTT ÚRVAL.




ÞEKKING OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA




Kährs®
QUALITY IN WOOD SINCE 1857
NÁTTÚRAN
ER HINN
FULLKOMNI
HÖNNUÐUR
Kährs parket er gjöf náttúrunnar til þín og framtíðarinnar.
30 ára ábyrgð
PARKET, FLÍSAR OG HURÐIR. GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
Tilboð á hvítum innihurðum 31.490 kr
ringo®
FULLKOM...
INN RINGO
Sterkar og hljóðeinangrandi innihurðir
Einfaldar í uppsetningu
- fjölbreytt úrval
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Flest viðargólf er hægt að endurvekja til fyrra útlits

Djúphreinsun viðargólfa endurvekur fyrra útlit þeirra. **Gólfefnaval** leigir út þjálfaðan mann í verkið ásamt öllum tækjabúnaði. Framkvæmdin er í senn einföld og þægileg og hefur lítið rask í för með sér fyrir parketeigendur.

Gólfefnaval ehf. hóf nýlega að bjóða upp á djúphreinsun viðargólfa með það að markmiði að endurvekja fyrra útlit þeirra. Djúphreinsikerfið sem er notað kemur frá einum virtasta lakkframleiðanda heims, sænska fyrirtækinu Bona sem hefur starfað frá árinu 1919 eða í 93 ár. Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavals, segir að parket, eins og annað gólfefni, verði fyrir mismunandi umgengni. „Mikil umferð kallar á talsverð áhrif á viðargólfið en með reglulegu viðhaldi lítum við svo á að hægt sé að endurnýja fallegt útlit þess.“ Gunnar segir sænska fyrirtækið eiga sér langa sögu á Íslandi, Evrópu og um allan heim fyrir umhverfisvæn og góð efni.

Þjónusta Gólfefnavals er í senn einföld og þægileg. Fyrirtækið leigir út þjálfaðan starfsmann og tæki til að djúphreinsa viðargólf sem bæði fyrirtæki og heimili geta nýtt sér. „Það sem fyrirtækjum finnst jákvætt við þessa þjónustu er að ekki þarf að rýma vinnusvæðið á meðan unnið er. Starfsmaður okkar vinnur verkið á venjulegum vinnutíma og lítil truflun er á meðan. Efnin eru nánast lyktarlaus og það þarf engar stórkostlegar tilfæringar á húsgögnum“. Sé þjónustan pöntuð í heimahús er vissulega betra, að sögn Gunnars, að færa til húsgögn en þeir sjái um þá vinnu fyrir viðskiptavini sína sé þess óskað.

Þjónusta Gólfefnavals er nýjung hérlendis. Gunnar segir marga parketeigendur hafa lagt á sig mikla vinnu í gegnum tíðina til að reyna að ná fram fyrri ljóma viðargólfsins. „Með Bona djúphreinsikerfinu fá parketeigendur fljótlega, þægilega og árangursríka leið til að endurvekja fyrra útlit.“ Hann segir að áður fyrr hafi parketeigendum verið seldar alls kyns lausnir sem eru öðruvísi hugsaðar en þær sem koma frá Bona. „Þar sem Bona er lakkframleiðandi vita þeir hversu mikið af vatni og sterkum ræstingarefnum á að nota á viðargólfin. Þess vegna hófu þeir að setja eigin framleiðslu á markað. Eftir að hafa leitað til margra sápuframleiðenda sáu þeir að sýn þeirra á ræstingar fór ekki saman við það sem gerðist hjá framleiðendum ræstingarefna sem vildu gjarnan selja mikið af efnum á meðan stefnan hjá Bona var að minnka þau eins og hægt væri.“

Það fer eftir umferð á viðargólfum hversu oft þarf að hreinsa þau.



„Með Bona-djúphreinsikerfinu fá parketeigendur fljótlega, þægilega og árangursríka leið til að endurvekja fyrra útlit,“ segir Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavals ehf. MYND/GVA

Gunnar segir algengt að fyrirtæki og stofnanir láti hreinsa þau einu sinni á ári. Yfirleitt dugi að hreinsa viðargólf heimila á tveggja til þriggja ára fresti. „Ef hins vegar er um að ræða olíuborin viðargólf er það annað mál. Það þarf að bera á viðargólfið reglulega, jafnvel á sex mánaða fresti eða einu sinni á ári á heimilum. Þá erum við að horfa á allt annað yfirborð, olíuborið parket kallar á meira viðhald en það er vissulega með þennan fallega matta djúpa tón sem svo margir sækjast eftir. Það sem stendur þó upp úr er að flest viðargólf er hægt að endurvekja til fyrra útlits, það er öruggt“.

Að lokum bendir Gunnar á að Gólfefnaval ehf. bjóði upp á margvíslegar lausnir til að viðhalda fallegum viðargólfum, til dæmis með daglegri notkun réttra hreinsiefna, reglulegri djúphreinsun eða þá með slípun og endurlökkun gólfa. Hægt er að fá tilboð í djúphreinsun gólfa eða aðrar ráðleggingar um viðhald viðargólfa hjá Gólfefnavali ehf., Vatnagörðum 14, 104 Reykjavík í síma 517-8000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið sala@golfefnaval.is. Umboðsaðili á Akureyri er Einir gólfþjónusta, sími: 824-3923 og 821-3923.




Við sérhæfum okkur í framleiðslu á lengri og breiðari parketplönkum. Beint frá verksmiðju – lægra verð. **Kíktu til okkar í Síðumúla 31 og skoðaðu úrvalið.**

S. 581 2220 • GSM. 840 0470 • www.parketverksmidjan.is

OKKAR EIGIN FRAMLEIÐSLA

PARKET VERKSMIÐJAN



Þráðbeinar línur milli túna og akra í Bandaríkjunum. MYND/FLORIANPUCHER.COM

## *Tiplað yfir tún og akra*

Land Carpet eru handunnar gólfmottur úr nýsjálenskri ull. Motturnar eru hönnun austuríska arkitektsins Florian Pucher og eru einungis framleidd 88 stykki af hverju munstri. Hugmyndina að mottunum fékk Pucher þegar hann horfði hugfanginn út um glugga flugvélar á landslagið fyrir neðan en hann vinnur munstrin í motturnar eftir gervihnattamyndum. Munstrin eru af dæmigerðu landslagi Evrópu þar sem óregluleg skipting túna nýtur sín en þráðbeinar línur einkenna tún og akra Bandaríkjanna. Síðan eru skörp skil á milli brúntóna lita Afríku og litapallettu túlípanaakra Hollands. Þá eru motturnar ekki sléttar heldur eru „túnin“ misþykk. Land Carpet motturnar hlutu Elle Decoration International Design Award árið 2009 sem besta gólfvaran. Nánar má forvitnast um motturnar á www.florianpucher.com


Evrópa eins og Florian Pucher sér hana úr lofti.


Brúnir litatónar sléttanna í Afríku.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, tp.: sverrirbs@65.is, s: 512 5432.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

## Hjólhýsi



Vel með farið Walker fortjald af Hobby 560 til sölu. Kostar nýtt 366.000. fer á 180.000. sími 8944708



**Walker Esprit 1005 fortjald á hjólhýsi!**
Fortjald fyrir hjólhýsi mjög lítið notað. A mál 1005 passar á hjólhýsi ca. 5,60m. Verð kr. 250þús. kostar nýtt 400þús. Uppl. í síma 893 6994.

## Lyftarar




**Körfubílaleiga**
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

## Varahlutir

**Varahlutavaktin Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.




Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Smápartar.is**
Smápartar er partasala sem sérhæfir sig í pörtum fyrir Subaru og Skoda,eigum orðið þó nokkuð af góðumvarahlutum í Imprezu ;97 til ;02 einig í Legasy 97 og 99.Erum einnig með Skoda Octavia 01 og til 06.Einnig kaupum við Subaru og Skoda til niðurrifs. Nánari upplýsingar í síma 5675040 eða 7785040 nú eða á WWW.smapartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Primera '98, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99, Audi A4 '94, golf 95-98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

## Viðgerðir

**AB Bremsur og viðgerðir**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**ÓDÝR ÞRIF**
fyrir heimili og fyrirtæki. Mikil reynsla og góð þjónusta. S. 898 3799

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Hreingerningarþjónusta -Gerum verðtilboð-**
Öll almenn þrif, veggjahreinsun, flutningsþrif, gólfbónun, teppa og steinteppahreinsun S. 842 6522

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Garðyrkja







Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.







Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.




## Málarar

**Málningarþjónusta Reykjavíkur**
20% afsláttur af inniverkefnum. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

**Málningarfélagið Borg**
20% afsláttur f. Húsfélög. Ábyrgð fylgir öllum verkum. S. 779 0900.

Tek að mér að mála og flísa, og ýmisl. fl. Er vandvirkur og ódýr. S. 866 9784.

**Regnbogalitir Málningarþjónusta**
Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

## Meindýraeyðing

**Drepum geitungana**
Geitungasíminn 555 666 2

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.

**Viðhald fasteigna.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Allskyns viðhald en sérhæfum okkur í gluggaskiptum. Upplýsingar í síma: 869 4479.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Rafvirkjun




## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Tölvur

Öll tölvuþjónusta og viðgerðir. Mjög sanngjarnt verð og öll vinna unnin af fagmanni. Sæki og sendi heim. Uppl. í s. 822 7668.

## Spádómar

**Spásíminn 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Til sölu






**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**TIL SÖLU v/ flutnings**
Lagerhyllur frá Ísold og Ofnasmiðjunni- góðar fyrir bílskúrinn. Skrifborð, spónaplötur 18 mm 0,6x3met. og margt fleira. Til sýnis á Höfðabakka 9 frá kl 1700 næstu daga. Sími 8939818.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ískápar, frystiskápur, þurrkara, uppþvottavélar. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til byggingar

**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.




## Hljóðfæri



Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikur í umboðssölu. Úrval af nýjum harmonikum og harmonikukennsla. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

## Verslun







## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www. heilsufrettir.is/solosk

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Atvinna

**Starf við ræstingar ofl.**

Vinnutími er 4 tímar á dag virka daga og aðra hvora helgi, kl. 10 – 14.

**Við leitum að** reyklausum starfskrafti, 23 ára eða eldri, sem skilur og getur tjáð sig á ensku auk íslensku. Þarf að geta unnið sjálfstætt og hafa auga fyrir smáatriðum og geta haldið íbúðunum fullkomlega hreinum og öllu í röð og reglu.

Vinsamlega sendið upplýsingar í tölvupósti á 4@4.is

**Kastalinn Lúxusíbúðir og Embassy Lúxusíbúðir**
**http://4.is**

## Útsala

**ÚTSÖLULOK**

**Aðeins fjögur verð á útsöluvörum!**

1000.- kr • 2000.- kr
3000.- kr • 4000.- kr

**EINNIG NÝJAR VÖRUR**

**Markaðstorg Kringlunnar 3.hæð**



**JARÐHITAKLASI** Duch var staddur hér á landi í byrjun ágústmánaðar vegna samstarfs við ráðgjafafyrirtækið Gekon, sem unnið hefur að kortlagningu á jarðhitaklasanum hér á landi, og hvernig megi efla hann og styrkja. Hér sést hann ásamt Þorsteini Sigfússyni, prófessor við Háskóla Íslands, og Herði Arnarsyni, forstjóra Landsvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI

# Hagvöxturinn er ekki aðalatriðið

***Hagvöxtur sem byggir á ofhitnun er ómarktæk mælistika á velgengni hagkerfa og getur verið beinlínis hættulegur. Þekking úr fjármálageiranum er verðmæt og það skiptir máli að hagkerfi séu móttækileg fyrir henni.***

**VIÐTAL**

**Magnús Halldórsson** | magnush@365.is

„Ég hef áhuga á Íslandi, vegna þess að ég tel að umheimurinn geti lært margt af því sem hér er gert,“ segir Spánverjinn Emiliano Duch, sem er einn virtasti fræðimaður heims á sviði samkeppnishæfni. Hann var staddur hér á landi í byrjun mánaðarins vegna samstarfs við ráðgjafafyrirtækið Gekon, sem unnið hefur að kortlagningu á jarðhitaklasanum hér á landi, og því hvernig megi efla hann og styrkja.

### Mikil og augljós tækifæri

Duch er stofnandi og framkvæmdastjóri ráðgjafafyrirtækisins Competitiveness.com, sem sinnt hefur ráðgjafarstörfum fyrir fyrirtæki og hið opinbera frá árinu 1992. Duch hefur einnig unnið að verkefnum fyrir Alþjóðabankann í Washington. Duch vinnur að kortlagningu á því sem hér hefur verið gert á sviði jarðhitaklasans en hann segist fullviss um að starfsemi sem tengist endurnýjanlegum orkugjöfum muni vaxa hratt á næstu árum. „Þið [Íslendingar] eruð ekki að veðja á eitthvað sem er óáreiðanlegt eða óöruggt þegar þið eruð að veðja á það að styrkja þekkingu ykkar á sviði jarðhitanýtingar enn frekar með það að markmiði að auka hagsæld þjóðarinnar. Ísland er í sérflokki á alþjóðavettvangi þegar kemur að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, og hér er mikil og verðmæt þekking, og eftirspurn eftir henni á eftir að vaxa hratt á næstu árum. Það er líka umhugsunarefni fyrir Íslendinga að nú er kreppa um allan heim og aðrar þjóðir hafa ekki allar vopn í hendi til þess að komast út úr erfiðum aðstæðum. Ísland hefur tækifæri og við viljum kynna okkur vel hvernig staðið hefur verið að málum hér á þessu sviði, og ekki síst þá sýn, sem unnið er eftir á ýmsum sviðum atvinnulífsins, um hvert er stefnt og á hvaða forsendum.“

### Ekkert til þess að skammast sín fyrir

Duch segir að eitt af því sem sé áhyggjuefni fyrir þjóðir sem nú gangi í gegnum erfiðleika í efnahagslífinu sé vantraust á vel menntuðu og hæfu fólki. „Sumt fólk skammast sín fyrir að hafa unnið í fjármálageiranum á Wall Street, jafnvel þótt það hafi ekki verið spillt eða gert nokkuð rangt. Jafnvel framúrskarandi stærðfræðingar, sem unnu sem sérfræðingar á sviði fjármála, sitja nú uppi með verðlausa þekkingu að mati margra. Þetta er rangt og áhyggjuefni, því þekkingin er verðmæt og það skiptir máli að umhverfið sem hagkerfin eru í sé móttækilegt fyrir mikilli og sérstakri þekkingu.“

Duch segir að klasastefna (e. cluster policy), t.d. á sviði jarðhita hér á landi, sé langtímaverkefni í eðli sínu og afraksturinn af þeirri vinnu sem sé unnin nú verði ekki öllum sýnilegur fyrr en eftir tíu ár. En þá geti líka verið kominn jarðvegur fyrir mikla verðmætasköpun sem sé sjálfbær til framtíðar. „Ef við horfum til minnar þjóðar, Spánar, þá var vandamálið fyrir nokkrum árum, á „bóluárunum“, ekki síst það að alltof mikið var horft til hagvaxtar. Stjórnmálamenn sögðu: Sjáið, hagvöxturinn er góður og allir hafa nóg að gera,“ segir Duch. Hann nefnir sérstaklega að ofhitnunin á tilteknum sviðum, t.d. á sviði uppbyggingar í veitingageiranum og fasteignageiranum, hafi verið keyrð áfram með láglaunastörfum þar sem fólk frá Suður-Ameríku kom og fékk vinnu. „Hagvöxtur sem byggist á svona hlutum er ekki bara ómarktækur sem mælistika á velgengni hagkerfa, heldur beinlínis hættulegur.“

### Varanlegar stoðir

Duch segir kreppuna víða um lönd, ekki síst í Evrópu, vera áminningu um hvað geti gerst ef stefna þjóðríkja er ekki nægilega vel hugsuð. „Það verður að skoða nákvæmlega, með réttum aðferðum, hvar tækifæri til sóknar liggja, og hvernig hægt er að skapa verðmæti þannig að það gerist ekki tímabundið, heldur varanlega. Það er það sem mestu skiptir, það er að stoðir hagkerfa séu traustar og séu sífellt að verða sterkari.

Þetta er hægt, en getur verið erfitt, sérstaklega ef ávallt er horft á hagvöxt sem mælistiku á árangur. Ég tel að það sé rangt. Frekar á að horfa á hvernig hagkerfið er, hvernig það virkar og hvar megi gera betur. Nánast hver einasta þjóð í heiminum hefur sína „sprungnu“ bólu í farteskinu.

Á þessu þurfa þjóðirnar að læra, með því að horfa til langs tíma frekar en skamms tíma. En það krefst þolinmæði og mikillar vinnu, þar sem afraksturinn kemur ekki fram fyrr en eftir mörg ár.“

## MEÐ HUGANN VIÐ SAMKEPPNISHÆFNI

**EMILIANO DUCH** hefur nær allan sinn starfsferil unnið við samkeppnishæfni, og meðal annars unnið náið með bandaríska prófessornum Michael Porter, sem almennt er álitinn vera virtasti fræðimaður heimsins á sviði samkeppnishæfni. Duch er stofnandi og eigandi fyrirtækisins Competitiveness, sem veitir ráðgjöf um hvernig megi styrkja samkeppnishæfni þjóða eða einstakra landsvæða með svonefndri klasastefnu. Hún miðar að því að kortleggja ákveðna geira, bein og óbein áhrif þeirra á atvinnulíf og hið opinbera og hvernig megi efla þá og styrkja með aukna hagsæld að markmiði. Hann hefur meðal annars veitt ríkisstjórnum Danmerkur, Noregs og Þýskalands ráðgjöf. Duch er með bæði MPA- og MBA-próf frá Harvard-háskóla og arkitekt að mennt frá Catalonia Polytechnic University í Barcelona.

### Olíuverð skiptir miklu máli

Margt hefur verið sagt um tækifæri Íslands á sviði endurnýjanlegrar orku vegna okkar sérstöðu á því sviði. Nýtum við þau tækifæri sem við höfum rétt? Hvernig getum við nýtt þau betur til framtíðar litið?

„Tæknin hér á landi hefur verið fyrir hendi árum saman og það sama gildir um þekkinguna, og orkuna vitaskuld. Það sem miklu skiptir er verðþróun á olíumörkuðum, þ.e. því dýrari sem olían er á mörkuðum því hraðari verða skiptin yfir í endurnýjanlega orkugjafa á alþjóðamörkuðum.

Danmörk til dæmis er með hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku af heildarnotkun, en það ræðst af pólitískri stefnumörkun frekar en viðskiptalegum ástæðum. Með tímanum mun skattalegt umhverfi ýta undir frekari notkun á endurnýjanlegum orkugjöfum, og það er þegar farið að gera það að einhverju leyti. Það er mikilvægt fyrir Íslendinga að átta sig betur á því hverjir styrkleikar landsins eru vegna þessarar miklu og sérstöku reynslu sem þið hafið af endurnýjanlegri orku. Þeir geta komið á óvart, þegar búið er að kortleggja þá vel, og þá koma líka veikleikarnir í ljós, sem hægt er að vinna í að bæta. En Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði sem á eftir að verða verðmætari í framtíðinni og tækifæri til þess að selja hana eiga eftir að verða fleiri.“

Duch segist hafa átt ánægjuleg samtöl við ýmsa í íslensku atvinnulífi um stöðu mála hér á landi nú. Hann segir marga kvarta yfir því að það vanti framtíðarsýn. „Vandamálið með fortíðina er að hún er liðin og það er ekki hægt að breyta henni, hvort sem fólki líkar það betur eða verr. Þess vegna skiptir miklu máli, sérstaklega fyrir komandi kynslóðir, að horfa fram á við og skipuleggja vinnu sem miðar að því að nýta tækifærin vel, með þeim hætti. Það hefur ekkert upp á sig að reyna að breyta atburðarás sem þegar er liðin, en það skiptir hins vegar máli að draga lærdóm af henni.“

# UEFA reynir að jafna leikinn

*UEFA hefur samþykkt reglur um fjármál knattspyrnuliða sem eiga að jafna samkeppnisgrundvöll og koma í veg fyrir of mikla skuldasöfnun. Markaðurinn skoðaði fjármálalegar háttvísireglur UEFA sem taka brátt gildi.*

KNATTSPYRNA
Magnús Þ. Lúðvíksson | magnusl@frettabladid.is

Margur knattspyrnuáhugamaðurinn hefur bölvað ægivaldi peninganna í evrópskum fótbolta síðustu mánuðina í kjölfar sigra Manchester City í ensku úrvalsdeildinni og Chelsea í Meistaradeild Evrópu að ógleymdum uppgangi franska liðsins Paris Saint-Germain. Eins og kunnugt er hafa liðin notið góðs af gríðarlegu ríkidæmi eigenda sinna á síðustu árum og getað yfirboðið flest önnur lið í samkeppninni um leikmenn.

Binda margir vonir við að nýjar reglur um fjármál knattspyrnufélaga sem Evrópska knattspyrnusambandið (UEFA) er að innleiða jafni samkeppnisgrundvöll liða og komi í veg fyrir að lið steypi sér í skuldafen í leit að árangri. Markaðurinn skoðaði hvernig reglurnar virka og hvaða áhrif þær eru líklegar til að hafa á evrópsku knattspyrnuna.

**EYÐI JAFN MIKLU OG ÞAU ÞÉNA**
Á fundi í september 2009 samþykkti framkvæmdastjórn UEFA drög að reglum sem nefnast Financial Fair Play, fjármálalegar háttvísisreglur. Markmiðið með reglunum er meðal annars að letja félög í því að eyða um efni fram í leit að árangri og hvetja heldur til fjárfestingar í unglingaliðum og innviðum félaganna. Þá eiga þær að draga úr verðbólgu sem orðið hefur á launum knattspyrnumanna og þeim peningum sem þarf jafnan til leikmannakaupa.

Til að ná þessum markmiðum kveða reglurnar á um að knattspyrnufélög megi á hverju þriggja ára tímabili ekki eyða meiri peningum en þau þéna. Á þessu er þó sú undantekning að fjárfestingar í knattspyrnuvöllum og unglingastarfi teljast ekki til útgjalda í reikningum UEFA.

Á hverju einstöku tímabili mega félögin tapa í mesta lagi 45 milljónum evra, jafngildi 6,64 milljarða íslenskra króna, en til stendur að lækka þá upphæð stigbundið. Þá verður þess krafist að félög greiði skuldir sínar á tilsettum tíma og félög í áhættuhópi munu þar að auki þurfa að búa til áætlanir um hvernig bæta eigi úr fjárhagsstöðu þeirra.

Brjóti félög reglurnar verður þeim ekki gefið keppnisleyfi í evrópskum keppnum UEFA (Meistara- og Evrópudeildinni) en auk þess verður hægt að beita félögin fjársektum og ýmsum öðrum refsingum. Reglurnar verða að fullu virkar tímabilið 2013 til 2014 en aðlögunartímabil hófst á síðasta tímabili sem mun telja þegar staða liða verður í fyrsta sinn metin í lok tímabilsins 2014.

**SUMIR EFINS UM REGLURNAR**
Þrátt fyrir fögur fyrirheit efast margir um að reglurnar muni koma til með að hafa tilætluð áhrif. Er þá iðulega bent á risasamning sem Manchester City gerði við flugfélagið Etihad sem hefur talsverð tengsl við eiganda knattspyrnuliðsins. Telja gagnrýnendur að ríkir eigendur knattspyrnuliða muni gera sýndarsamninga við liðin í gegnum tengd félög en þar með blási tekjur liðanna út og fyrir vikið möguleikar á útgjöldum.

UEFA gerir að vísu ráð fyrir þessum möguleika í reglunum. Hefur sambandið sett á fót nefnd sem fara á yfir samninga knattspyrnufélaga við tengd félög. Mun nefndin setja svokallað gangvirði (e. fair value) á slíka samninga og séu samningarnir hagstæðari fyrir knattspyrnufélögin en sem nemur gangvirðinu mun mismunurinn teljast til útgjalda í reikningum UEFA.

Eins og gengur og gerist getur hins vegar verið erfitt að meta nákvæmlega hvert er réttlátt verð fyrir flókna auglýsinga- og samstarfssamninga og telja margir að knattspyrnuliðunum verði yfirleitt leyft að njóta vafans. Þá telja margir sömuleiðis ólíklegt að UEFA muni beita sér af hörku gegn stærstu félögum Evrópu jafnvel þó þau gerist brotleg við reglurnar. Spyrja menn til dæmis hvort UEFA hafi það í sér að gera heimsfrægt lið á borð við Chelsea brottrækt úr Meistaradeildinni en slík ákvörðun gæti dregið úr sjónvarpsáhorfi og sett af stað miklar illdeilur í knattspyrnuheiminum. Leiða má að því líkur að UEFA vilji forðast hvort tveggja.

Það er því að mörgu leyti enn óljóst hvort fjármálalegar háttvísireglur UEFA muni skila tilætluðum árangri en flestir innan fótboltaheimsins í Evrópu telja tilraunina þó klárlega þess virði.



**MANCHESTER CITY** Ensku meistararnir hafa verið allra liða duglegastir við dýr leikmannakaup síðustu ár í krafti gríðarlegra auðæfa eiganda síns, Sheik Mansour frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum. NORDICPHOTOS/GETTY



**FJÖLGUN** Alls fjölgaði erlendum ferðamönnum sem fóru frá Íslandi í gegnum Leifsstöð um 17,2 prósent á fyrstu sjö mánuðum ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stefnir í enn eitt metárið í ferðaþjónustu:

# Útlendingar aldrei eytt meira á Íslandi

Erlendir ferðamenn hafa aldrei eytt fleiri krónum á Íslandi og í júlí síðastliðnum. Erlend kortavelta hérlendis var þá um 13,1 milljarður króna og jókst um 15,3 prósent frá sama mánuði í fyrra. Á sama tíma eyddu Íslendingar 5,2 milljörðum króna á kortum sínum í útlöndum, sem er 10,1 prósenti meira en árið 2011. Þetta kemur fram hjá Greiningu Íslandsbanka sem byggir á tölum Seðlabanka Íslands um kortaveltu.

Erlend kortavelta hérlendis er 43 milljarðar króna það sem af er ári. Hún hefur aukist um 11,6 prósent frá sama tímabili í fyrra. Á sama tíma hafa íslenskir ferðamenn eytt 32 milljörðum króna með kortum sínum í útlöndum.

Það stefnir í enn eitt metárið hjá íslenskri ferðaþjónustu. Alls fóru 112.100 erlendir gestir frá landinu um Leifsstöð í júlí, sem er 14,7 prósentum fleiri en í sama mánuði í fyrra.

Brottfarir erlendra ferðamanna eru nú komnar upp í 357 þúsund á fyrstu sjö mánuðum ársins, en þær voru 304.600 á sama tímabili í fyrra. Jafngildir þetta aukningu upp á 17,2 prósent milli ára. Þetta kemur fram í tölum Ferðamálastofu Íslands sem birtar voru í síðustu viku. - þsj

# Gengi bréfa Pandoru styrktist eftir uppgjör

*Pandora hagnaðist á öðrum ársfjórðungi en velta dróst saman. Virði Pandoru þarf að margfaldast til að gagnast Seðlabankanum.*

EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Gengi hlutabréfa í danska skartgripaframleiðandanum Pandoru hefur hækkað skarpt á undanförnum dögum. Gengi bréfanna er nú í kringum 80 danskar krónur á hlut. Hækkunin kemur í kjölfar þess að Pandora birti uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung en það sýndi hagnað upp á um 1,2 milljarða króna. Tekjur Pandoru drógust hins vegar saman um 9,5 prósent á fjórðungnum. Mestur var samdrátturinn í Evrópu.

**HEFUR BEIN ÁHRIF Á SELJENDALÁN**
Virði hlutabréfa í Pandoru hefur bein áhrif á virði seljendaláns sem Seðlabanki Íslands veitti nýjum eigendum hins danska FIH banka haustið 2010, enda á Axcel III, sjóður í eigu FIH bankans, 57,4 prósent í Pandoru. Eignarhluturinn er langstærsta eign sjóðsins. Virði Axcel III sjóðsins lækkaði úr 20,6 milljörðum króna í 4,2 milljarða króna í fyrra. Til að lánið skili Seðlabankanum einhverju til baka þarf hagnaður vegna Axcel III að vera á bilinu 13,9 til 29,4 milljarðar króna.

Þegar Pandora var skráð á markaði í október 2010 var skráningargengi bréfanna 210 danskar krónur á hlut. Bréfin fóru hæst í 386 danskar krónur á hlut en hrundu síðan sumarið 2011 eftir að tilkynnt var um að áætlanir um gríðarlega tekjuaukningu, sem skráningargengi félagsins byggði á, myndu alls ekki standast. Þess í stað drógust tekjur saman. Heildarvirði eignarhlutarins í Pandoru er í dag um sex milljarðar króna.



**SEÐLABANKINN** Bankinn lánaði kaupendum FIH bankans fyrir stórum hluta af kaupverðinu. Það seljendalán er að öllum líkindum tapað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Seðlabankinn eignaðist danska bankann FIH eftir að hafa tekið hann sem veð fyrir rúmlega 80 milljarða króna láni til Kaupþings í miðju bankahruninu. FIH var síðan seldur haustið 2010 og fékk Seðlabankinn um 40 milljarða króna staðgreidda fyrir. Í tilkynningu frá bankanum á þeim tíma var sagt að heildarsöluverðið væri 103 milljarðar króna en af þeirri upphæð yrðu 64 milljarðar króna til greiðslu síðar. Frá þeirri upphæð átti að dragast tap FIH fram til loka árs 2014. Auk þess er greiðsla lánsins tengd mögulegum hagnaði FIH af Axcel III sjóðnum og afkomu þeirra fjárfesta sem keyptu bankann fram til loka árs 2015.

**MIKLAR AFSKRIFTIR HJÁ FIH**
FIH hefur afskrifað tæplega 50 milljarða króna frá því að samningurinn var gerður, um 70 prósent af seljendaláninu. Bankinn mun birta hálfsársuppgjör sitt á morgun og þá kemur í ljós hvort meira muni bætast við þá tölu. Vegna vandræða FIH mun afkoma fjárfestahópsins af þeirri fjárfestingu ekki verða til þess að auka virði seljendalánsins og gengi bréfa í Pandoru þarf að margfaldast til að þau leiði til hækkunar á því.

Eins og stendur stefnir því í tugmilljarða króna tap Seðlabankans vegna veitingar lánsins. Bankastjóri FIH bankans, Bjarne Graven Larsen, lét enda hafa eftir sér í dönskum fjölmiðlum í júní síðastliðnum að seljendalánið væri tapað. - þsj



FÍTON / SÍA

# MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

**Stefna okkar er skýr:**
**Við erum banki atvinnulífsins.**

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

**Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.**

**Verið velkomin í banka atvinnulífsins.**

mp banki
banki atvinnulífsins

Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

BANKAHÓLFIÐ



Þorgils Jónsson

## Almannafé í almannaþágu

Það er alltaf mikil kúnst að forgangsraða í ríkisútgjöldum og verkefni sem mörgum finnst verðug ríkisframlaga þykja öðrum bruðl.

Meðal umdeildustu mála eru jafnan samgönguframkvæmdir, en það er yfirleitt tekist á um skiptingu fjárveitinga milli landsvæða. Hver vill fá „sitt“, enda allir sannfærðir um að „þeirra“ verkefni sé mikilvægara en önnur. Hér er því einn allra grösugasti garður kjördæmapotara. Samt má ekki misskilja mig, því að mér finnst nær hverri krónu sem varið er til uppbyggingar á innviðum landsins vera vel varið. Sumum krónum er bara betur varið en öðrum.

### Úrbætur í betri tíð?

Í kreppunni sem nú er nýlokið (var það ekki?) hefur Vegagerðinni verið sniðinn þröngur stakkur svo til vandræða heyrir. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að viðhaldið á þjóðvegakerfið hefði farið niður fyrir lágmarkskröfur síðustu ár vegna fjárskorts. Það gæti haft í för með sér niðurbrot vega og aukna hættu á umferðarslysum. Nú þegar tekið er að rofa til í ríkisfjármálum verður samgöngubótum að vera gert hærra undir höfði við fjárlagagerð. Mannslíf liggja við.

### Öryggið í forgang

Forgangsröðun framkvæmda verður alltaf að miðast við öryggi vegfarenda. Tímasparnaður er góðra gjalda verður en öruggir vegir um allt land ættu að vera markmiðið. Ég hef sjálfur reynslu af akstri um Vestfirði þar sem mikið og gott átak hefur verið unnið í vegabótum í Ísafjarðardjúpi og þaðan suður í gegnum Dalasýslu, en á suðurfjörðunum er ástandið víða skelfilegt þar sem svo virðist til dæmis sem stjórnvöldum hafi um árabil hvorki þótt taka því að hafa mannsæmandi vegi norður úr Arnarfirði, né að ryðja þar leið á veturna.

### Þjóðbraut okkar allra

Stærsta brotalömin að mínu mati er hins vegar Vesturlandsvegur frá Mosfellsbæ upp að Hvalfjarðargöngum þar sem þúsundir bíla fara um á annríkisdögum. Óumflýjanlegar tafir leiða óumflýjanlega til óvarkárni og stundum til óhappa. Svarið er að sjálfsögðu að tvöfalda veginn upp í Hvalfjörð sem allra fyrst. Reynslan af tvöföldun Reykjanesbrautar sýnir fram á ágæti þessa fyrirkomulags. Þar hefur ekkert banaslys orðið frá árinu 2004.

Þá er full ástæða til að breikka og bæta hringveginn allt norður á Akureyri með tvöföldun hluta leiðar hið minnsta. Raunar er skrítið að sveitarstjórnarfólk nyrðra skuli ekki hafa lagt meiri áherslu á umbætur á þeirri fjölförnu leið frekar en að leggja ofuráherslu á Vaðlaheiðargöng. Þegar allt kemur til alls er um að ræða þjóðbraut okkar allra og til þess ætti Alþingi að líta við gerð fjárlaga í haust.






## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Heimilistæki

Ísskápur til sölu. H.157 b. 54. D. 56. Verð 25 þús. Uppl. í s. 551 8607.

## Fyrir veiðimenn



**Veiðileyfi í laxá í kjós**
Nokkrar stangir lausar vegna forfalla 20-22ágúst. Nánari upplýsingar gefur Ragnar í síma 8217695

Veiðileyfi í Vatnsdalsá á Barðaströnd. Komandi helgi laus! Nánari upplýsingar í síma 820 2200 ogwww.fluga.net.

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**ÍBÚÐ Í 101 RVK TIL LEIGU**
Sérlega björt og falleg 56fm íbúð. Leigist með húsgögnum frá 1sept elisafjeld@hotmail.com

## Húsnæði óskast

42ja Ára matsveina nemi í MK óskar eftir einstaklings íbúð í vetur. Öruggar greiðslur. s. 857 4590.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 27 11 10 38
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## Atvinna í boði

20 ÁRA Hlölla BÁTAR

**Hlöllabátar**
Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf, helgar , kvöldvinnu og næturvinnu. Einungis duglegt áræðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aldurstakmark 18 ár. Umsóknir sendist á lilja@hlollabatar.

**KvikkFix leitar að starfsfólki.**
KvikkFix leitar að vönum bifvélavirkja, vönum smurmanni og starfsmanni á verkstæði. Einnig vantar mann í lagerstarf, útkeyrslu og þrif. Fyrirspurnir sendist á orri@nrg.is www.kvikkfix.is

**Hagabakarí - Hagamel**
Óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu. Uppl. í s. 897 8101 eða 868 6102.

**Fiskvinnsla í Hfj.**
Óska eftir vönu starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Einnig vantar starfsmenn í útkeyrslu. Uppl. í s. 824 3180 e.kl. 18:00 eða ovsmidi@hotmail.com

**Fjarðarbakarí**
Óskar eftir starfsfólki til afgreiðslu í verslunum okkar Borgarholtsbraut 19 og Kosti Dalvegi í hlutastörf. Starfsmaður þarf að vera stundvís og snyrtilegur. Íslensku kunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á sjofn@fjardarbakari.is eða í síma 898 0445 Sjöfn

Bakarameistarinn

**Kaffihús, Bakarí**
Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf. Störf í boði eru: vinnutími 10-17 Glæsibæ, 10-19 Austurveri auk helgarvinnu, 10-19 Suðurveri, 11-19 Húsgangahöll. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is

Óska eftir mönnum í hellulagningar. Uppl. s. 898 4202 eða netfang baldur@btverk.is

Óskum eftir duglegum vaktstjóra á Culiacan, Suðurlandsbraut. 18 ára og eldri. Uppl í 868 8489 Þórir

Starfsmaður óskast í ísbúð. Vinnutími 12-18 virka daga og aðra hverja helgi. Umsóknir sendist á dagvinna@gmail.com. 18 ára aldurstakmark.

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

44 ára reynslumikil íslensk kona leitar kynna við karlmann. Gefur upp símanúmer sitt. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8884.

Ungur KK til í hvað sem er með KK, gefur upp símanúmer sitt. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8652.

## Tilkynningar




**Sunnudaginn 19.ágúst**
heldur Tómstundahúsið Torfærukeppni fjarstýrðra bíla á svæði Hlaðbær Colas í Hafnarfirði. Keppnin verður í tvennu lagi, Bensínbílar keppa frá kl.11-13 og Rafmagnsbílar frá kl.14-16. Skráning er á staðnum. Nánari upplýsingar eru á facebook síðu okkar. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www. tomstundahusid.is

## Fasteignir

**OPIÐ HÚS í dag frá kl. 17 - 19**
**EIGN Í ALGJÖRUM SÉRFLOKKI.**
**STARARIMI 21 REYKJAVÍK**



Stórglæsilegt stílhreint og vandað 187 fm einbýlishús á óvenju glæsilegri ræktaðri lóð með stórri sólverönd. Eignin er klædd að utan með flísum á vandaðan hátt.
Þorbjörg ( GSM 661-1128 ) tekur á móti gestum í dag miðvikudag, og sýnir húsið milli kl. 17:00 og 19:00.

FB Fasteignasala Brynjólfs Jónssonar Sími 511 1555

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.
ÓÐINSGÖTU 4
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is

# ÞEKKT VEITINGAHÚS TIL SÖLU Í MIÐBORGINNI

Höfum fengið til sölumeðferðar vinsæla veitinga- og skemmtistaði í miðborginni. Allir staðirnir eru með langtíma húsleigusamninga og eru reknir af sama aðila. Frábært tækifæri í veitingarekstri.

Nánari upplýsingar veitir:
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, gtj@fastmark.is














PRIKIÐ · GAMLI GAUKURINN STOFNAÐUR 1983 · Frú Berglaug · Glaumbar · ROKK INN

## Fasteignir

**Hörgsholt 23 A**
220 Hafnarfjörður
Falleg eign, frábært útsýni

Stærð: 134,7 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1992
Fasteignamat: 0

RE/MAX Lind




í dag miðvikudag frá kl 18:00-18:30

Verð: 29.900.000

ATH: EIGNIN ER LAUS
Remax Lind kynnir:
Fallega hæð í fjórbýli með sérinngangi og einstöku útsýni til sjávar og yfir golfvöll Keilis.
Hæðin er björt og falleg, þrjú rúmgóð svefnherbergi á efri hæð, ásamt tölvurými.
Sér þvottahús, baðherbergi stofa og borðstofa með útgengi út á flísalagðar svalir með einstöku útsýni.
Allar upplýsingar veitir Hannes s.699-5008



Hannes
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
5107900
thorarinn@remax.is

RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is

**heimili FASTEIGNASALA**



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali
Erla Dröfn Magnúsdóttir lögfræðingur
Ruth Einarsdóttir sölufulltrúi
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Skipulags stofnun

## Samráðsfundur um drög að landsskipulagsstefnu 2013-2024

Skipulagsstofnun heldur samráðsfund 17. ágúst á Hótel Reykjavík Natura (Loftleiðahótelinu) þar sem fjallað verður um drög að landsskipulagsstefnu 2013-2024. Fundurinn er öllum opinn og ber keim af „opnu húsi" en markmiðið er að sem flestir hafi möguleika á að kynna sér málið og eftir atvikum taka þátt í umræðum. Þátttakendur tilkynni komu sína í netfangið einar@skipulagsstofnun.is í síðasta lagi daginn fyrir fund. Hægt er að nálgast drög að landsskipulagsstefnu sjá www.landsskipulag.is

Útsending verður frá kynningu draganna sjá „Fréttir" á: www.landsskipulag.is og www.skipulagsstofnun.is

Dagskráin er eftirfarandi:
10.00 – 12.00. Opið hús. Veggspjöld og önnur gögn liggja frammi.
13.00 – 14.30. Kynning. Drög að stefnu um miðhálendið, búsetumynstur og skipulag haf- og strandsvæða verða kynnt ásamt umhverfisskýrslu.
14.45 – 16.00. Hringborðsumræður.

**Skipulagsstofnun**

## GRUNNSKÓLAR Í GARÐABÆ

**Skólabyrjun haustið 2012**

Grunnskólar í Garðabæ verða settir miðvikudag 22. ágúst nk.

Skólasetning fyrir nemendur 2.-10. bekkja og boðun 1. bekkinga er auglýst á heimasíðum skólanna. Þar er einnig að finna hagnýtar upplýsingar um upphaf kennslu og innkaupalista.

**Vefir grunnskóla:**
www.flataskoli.is
www.gardaskoli.is
www.hjalli.is/barnaskolinn
www.hofsstadaskoli.is
www.internationalschool.is
www.sjalandsskoli.is

**Deildarstjóri skóladeildar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Fræðslu- og menningarsvið

### Til leigu

## Hárstofu stólaleiga

mjög hagstæð leiga og kjörið tækifæri fyrir metnaðarfullan fagmann að koma inn á afleysingatíma info@harexpo.is

### Atvinna

## Íslenskukennari óskast

**Suðurhlíðarskóli óskar eftir að ráða íslenskukennara á unglingastigi. Um er að ræða hlutastarf.**

Suðurhlíðarskóli er einkaskóli staðsettur í suðurhlíðum Öskjuhlíðar í Reykjavík.
Áhugasamir hafi samband við skólastjóra í síma 5687870 eða sendi tölvupóst á sudurhlidarskoli@simnet.is

**Vísir hf óskar eftir Vélaverði á Sighvat GK 57.**

Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.
Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 856-5761.

VÍSIR

Umhverfissvið
Skipulags- og byggingardeild

Kópavogsbær

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Kópavogi

**Kópavogstún 10-12 og Kópavogsgerði. Breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 m.s.b. samþykkt bæjarráð Kópavogs þann 12. júlí 2012 tillögu að breyttu deiliskipulagi á Kópavogstúni, nánar tiltekið fyrir Kópavogstún 10-12 og Kópavogsgerði. Tillagan var kynnt frá 14. maí með athugasemdafrest til 26. júní 2012. Athugasemdir og ábendingar bárust. Þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir og ábendingar hefur verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindarmála með kæru sbr. 5. mgr. 52. skipulagslaga nr. 123/2010. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þ.e. frá og með 15. ágúst 2012.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda skipulagsáætlun er hægt að nálgast á skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi milli kl. 8:00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:00 til 15:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**


BYLGJAN 25 ÁRA 989



**Heimir & Kolla**
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar


# Ert þú Jákvæð keppnismanneskja?

ENNEMM / SÍA / NM53657

**Söludeild Já leitar að frábærum vinnufélaga til að bætast í hópinn sem samanstendur einmitt af öðrum jákvæðum keppnismanneskjum. Um er að ræða starf við að selja auglýsingar í miðla Já.**

**Helstu verkefni**
- Sala auglýsinga
- Samskipti við auglýsendur
- Tilboðsgerð og gerð samninga

**Hæfniskröfur**
- Sjálfstæð, vönduð og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta, Word, Excel og PowerPoint
- Reynsla af sölu er kostur

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til og með **20. ágúst nk.**

Ef þú heldur að þú sért sá eða sú sem hentar í starfið sendu þá umsókn með mynd á netfangið **umsoknir@ja.is**

Nánari upplýsingar veitir Helgi Reynir Guðmundsson í síma 861 0199.

Já er þjónustufyrirtæki sem hefur þá einföldu stefnu að miðla upplýsingum sem fólk þarfnast í dagsins önn og auðvelda samskipti þess á milli. Já hefur sett sér þau markmið að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu, sjá fyrir og mæta nýjum þörfum viðskiptavina, að skapa öflugt og spennandi starfsumhverfi, þróa verðmæt viðskiptasambönd og bera sig saman við þá bestu.

118 · Gulu síðurnar · Já.is · Stjörnur.is · Símaskrá · Já í símann · i.ja.is

já -er svarið


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

BYLGJAN 989

**Sprengisandur**
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12



FJÖLVARP

# 50 ERLENDAR STÖÐVAR Á FRÁBÆRU VERÐI




**ÁSKRIFT AÐ ÖLLUM STÖÐVUM FJÖLVARPSINS KOSTAR AÐEINS FRÁ 1.886 KR. Á MÁNUÐI.***

## Fimm fjölbreyttir áskriftarpakkar í boði

Fjölvarp Stöðvar 2 færir þér aðgang að 50 frábærum erlendum sjónvarpsstöðvum. Þar má finna allt sem hugurinn girnist; fréttastöðvar, barnastöðvar, tónlistarstöðvar auk stöðva sem sérhæfa sig í lífstílstengdu efni, náttúrufræði og vísindum og klassískum kvikmyndum.

**Veldu þá leið sem endurspeglar þitt áhugasvið.
Kynntu þér áskriftarpakkana og tilboðin á www.stod2.is.**

*Fyrir áskrifendur í Stöð 2 Gull sem bæta við sig Allt-pakkanum.

Síminn vodafone

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** málhelti, **6.** þys, **8.** líða vel, **9.** sjáðu, **11.** númer, **12.** arfleifð, **14.** lífhvati, **16.** org, **17.** gerast, **18.** forsögn, **20.** tveir eins, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** drykkur, **3.** í röð, **4.** annir, **5.** meiðsli, **7.** hrökkva, **10.** ónn, **13.** suss, **15.** skaði, **16.** þrá, **19.** tímabil.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stam, **6.** ys, **8.** una, **9.** sko, **11.** nr, **12.** arfur, **14.** ensím, **16.** óp, **17.** ske, **18.** spá, **20.** ii, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** mysa, **3.** tu, **4.** annríki, **5.** mar, **7.** skreppa, **10.** ofn, **13.** uss, **15.** mein, **16.** ósk, **19.** ár.




# Ekkert „en“

**BAKÞANKAR Stígs Helgasonar**



Viðbrögðin við þátttöku Jóns Gnarr í baráttugöngu hinsegin fólks um helgina voru fyrirsjáanleg. Þótt margir – og kannski flestir – hafi fagnað henni þá voru líka hinir sem máttu ekki til þess vita að Jón eyddi dýrmætum tíma sínum í að berjast fyrir mannréttindum þegar hann ætti með réttu að vera að sinna mikilsverðum hagsmunamálum borgarbúa. Eins og hann hefði annars varið laugardagseftirmiðdeginum í að tryggja börnum ódýrar skólamáltíðir. Þetta sjónarmið flaut upp á yfirborðið í athugasemdakerfum vefmiðlanna, eins og í fyrra og hittiðfyrra og eins og þau munu líklega gera enn einu sinni að ári.

**NÚ** getum við Reykvíkingar – og landsmenn svo sem allir – verið ósammála um hversu langt ruslafötunnar eigi að vera frá götunum okkar og hvernig þær skuli vera á litinn, hversu neðarlega eigi að loka Laugaveginum fyrir bílaumferð á sumrin, hvort rétt sé að sameina þessa skóla eða hina og hvort útsvar eigi að vera 14,4 prósent eða 14,48 prósent. Og þegar við erum ósátt eigum við að láta í okkur heyra. Jón Gnarr var kosinn til að hlusta á það.

**ÞEGAR** við hins vegar sjáum borgarstjórann okkar standa í bleikum kjól með appelsínugula lambhúshettu í stafni vagns sem krefst sjálfsagðra mannréttinda til handa femínískri, rússneskri pönkhljómsveit sem situr inni fyrir það eitt að vera femínísk, rússnesk og pönkhljómsveit, og það nokkrum vikum eftir að hann storkar gamaldags viðhorfum í Færeyjum í opinberri heimsókn, þá eigum við að hafa manndóm í okkur til að segja með stolti: Þetta er frábært, sama hvar við stöndum í pólitík og án þess að því þurfi að fylgja einhver „en“.

**ÞAÐ** er nefnilega ekki sjálfgefið að einn æðsti embættismaður landsins bjóði ofsóttum rithöfundum annarra landa hæli, neiti í nafni friðar að hitta erlenda hershöfðingja og afhendi framkvæmdastjóra kínverska kommúnistaflokksins mótmælabréf vegna meðferðarinnar á Nóbelsskáldinu Liu Xiaobo.

**VIÐ** eigum nóg af stjórnmálamönnum sem kinka bara kolli og brosa. Til að koma umheiminum í skilning um að mannréttindin sem við búum við hafi kostað streð en séu ekki til komin af engu þurfum við fólk sem nennir ekki að reyna að koma sér í mjúkinn öllum stundum. Þar – í hinni alþjóðlegu mannréttindabaráttu, hvorki meira né minna – hefur Jón Gnarr látið rækilega að sér kveða og það út af fyrir sig er fagnaðarefni. Algjörlega óháð því hversu mikið okkur finnst að eigi að kosta í stöðumæla á Skólavörðustíg.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Vnr. 0113453
Plastparket, hnota, þriggja stafa,
192x1380/6 mm.
895 kr./m2
kronospan
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
Vnr. 16600100
VEGGFLÍSAR, 20X25 CM.
1.990 kr./m2
kronospan
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
Vnr. 0113446
HARÐPARKET, EIK.
2.990 kr./m2
Vnr. 17800130
Gólfflísar, 50x50 cm,
beige og brúnar.
3.490 kr./m2
KLÚBB verð
36.900 kr.
Vnr. 50657143
STERLING GASGRILL,
2 brennarar, niðurfellanleg hliðarborð, hitamælir, þrýstijafnari og álhjálmur. 11,72kW.
43.900 kr.
KLÚBB verð
3.990 kr.
Einhell
Vnr. 74800700
Höggborvél með snúningshraða 0-2700 sn/mín. Sjálfherðandi 13 mm patróna.
4.990 kr.
10 LÍTRAR
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
Vnr. 85551083-1183
ÚTI- OG INNIMÁLNING
7.490 kr.
Pinotex
6 LÍTRAR
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
Vnr. 89410460-650
GEGNSÆ VIÐARVÖRN
5.990 kr.
Armatura
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
Vnr. 15400050
ARMATURA ELDHÚSTÆKI
2.990 kr.
VERÐVERND BYKO LÆGRA VERÐ
Vnr. 85551083-1183
ALABASTRO LOFTLJÓS
1.749 kr.
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

**DANS Í GAFLARALEIKHÚSINU** Tveir dansdúettar verða sýndir í Gaflaraleikhúsinu annað kvöld. Báðir eru eftir núverandi og nýútskrifaða nemendur úr dansskólanum P.A.R.T.S. Sá fyrri nefnist Out of the Body eftir Ingu Huld Hákonardóttur og Rósu Ómarsdóttur. Védís Kjartansdóttir og Louis Combeaud flytja svo Natural Order is a Special Case. Verkin verða aðeins sýnd einu sinni hér á landi.

# Kameljón Álfrúnar sett upp í Kúlunni

**Álfrún Örnólfsdóttir frumsýnir einleikinn Kameljón á leiklistarhátíðinni Lókal eftir rétta viku. Álfrún fékk systur sína, Margréti Örnólfsdóttur rithöfund, til liðs við sig en þetta er fyrsta verkið sem hún semur fyrir leiksvið.**

„Ferðalag einnar leikkonu um villugjarnar lendur sjálfsins.“ Svo er Kameljóninu, nýjum einleik Álfrúnar Örnólfsdóttur, lýst en hann verður frumsýndur í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu 22. ágúst næstkomandi. Höfundur er Margrét Örnólfsdóttir, systir Álfrúnar, en Friðgeir Einarsson, félagi leikkonunnar úr leikhópnum Ég og vinir mínir, leikstýrir.

„Ég fékk Möggu systur og Friðgeir til liðs við mig því ég vildi gera verk um manneskju sem dregur óhóflega mikinn dám af fólkinu sem hún umgengst og litast af aðstæðunum sem hún lendir í; er eins konar félagslegt kameljón. Einstök aðlögunarhæfni og sífelld hamskipti valda því hins vegar að hún er búin að týna sjálfri sér og fer því á stúfana til að finna sig.“

Álfrún segist kannast við þennan eiginleika úr eigin fari og það hafi verið kveikjan að verkinu.

„Ég held að margir kannist við svona áhrifagirni, hrifnæmi, meðvirkni eða hvað við viljum kalla það. Í verkinu tökum við hins vegar þennan eiginlega og ýkjum hann rækilega svo persónan sem ég leik er mun öfgafyllri og ýktari en ég nokkurn tímann.“

Álfrún segir sýninguna af svipuðum meiði og þær sem leikhópurinn Ég og vinir mínir hefur vakið athygli fyrir, Húmanímal og Verði þér að góðu.

„Já, þetta er á svipuðum nótum; dansleikhús þar sem hreyfing og líkamstjáning leika stórt hlutverk. En það er líka talsverður texti í því; ég er ein á sviðinu og þarf að tala við sjálfa mig og leik allar persónur.“

Þetta er fyrsti einleikurinn sem Álfrún setur upp og hún segir því fylgja mikið álag að vera ein á sviðinu allan tímann.

„Þetta krefst mikillar orku. Þegar maður leikur á móti öðrum verður til ákveðin dýnamík á milli leikaranna, þeir kasta boltanum á milli sín svo að segja. Í einleik þarf maður að halda boltanum á lofti sjálfur allan tímann sem krefst bæði orku og nákvæmni. Þetta var mjög skrítið í fyrsta rennslinu en þetta venst.“

Þetta er í fyrsta sinn sem þær systur leiða saman hesta sína og fyrsta verkið sem Margrét skrifar fyrir leikhús. Álfrún segir það hafa gengið afar vel.

„Ég var viss um að þetta væri verkefni sem myndi henta Möggu. Hún hefur verið mikið í handritsskrifum fyrir sjónvarp, þar sem margir kasta hugmyndum á milli svo úr verða persónur og senur. Þannig fór samstarfið á milli okkar fram. En þótt þetta hafi verið að sumu leyti nýtt fyrir henni þekkir hún líka leikhúsið vel, hefur samið tónlist fyrir leikverk og mamma var leikkona. Það var mjög eðlilegt og gott flæði á milli okkar og hún hafði gott lag á að koma orðum að því sem ég vildi sagt hafa.“

Kameljón verður frumsýnt á vegum Lókal-leiklistarhátíðarinnar sem hefst í næstu viku en verður sýnt áfram í Kúlunni að hátíðinni lokinni.

Álfrún verður hins vegar á sviði Borgarleikhússins í vetur og leikur þar meðal annars í Gulleyjunni, Bastörðunum og Af músum og mönnum.

„Ég er mjög spennt fyrir leikárinu. Ég hef ekki verið í Borgarleikhúsinu áður en við Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri unnum saman hjá Leikfélagi Akureyrar um árið og ég hlakka mjög til að byrja á nýjum vinnustað.“

bergsteinn@frettabladid.is



**ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR** Segir mikið álag á leikara að halda uppi heilli sýningu einn síns liðs en í Kameljóni reynir ekki síður á danshæfileika hennar en leikhæfileika.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## LÓKAL Í FIMMTA SINN

Lókal – alþjóðleg leiklistarhátíð í Reykjavík – verður haldin í fimmta sinn 22. til 26. ágúst.

Á hátíðinni í ár kemur fram hópur sviðslistamanna frá Berlín, Dublin og Reykjavík sem hefur einbeitt sér að því með verkum sínum að víkka út hugtakið „leiklist“. Á dagskrá er dans og líkamstjáning Berlínarbúanna Jareds Gradinger og Angelu Schubot. Einnig er þar nýjasta verk Margrétar Söru Guðjónsdóttur sem er ein af efnilegustu danshöfundum Evrópu. Írinn Amy Conroy leikur sér að hugtakinu „heimildarleikhús“ og landar hennar í The Broken-talkers sýna The Blue Boy, sem byggir á niðurstöðum úr skýrslu um kynferðisbrot innan kaþólsku kirkjunnar.

Fjögur íslensk verk verða sýnd á hátíðinni í ár. Auk þess að leikstýra Kameljóni býður Friðgeir Einarsson áhorfendum heim til sín og leiðir þá í eins konar sögugöngu um Háaleitið. Mind Group boðar áhorfendur til fundar við sig um heimskortið og framandverkaflokkurinn Kviss Búmm Bang fjallar um vændi í íslensku samfélagi í nístandi verkefni sem þær kalla „Downtown 24/7“.







Skráning í Latabæjarhlaupið

Latabæjarhlaupið er ætlað börnum 8 ára og yngri. Forskráningu á netinu á maraþon.is lýkur kl. 16 í dag, miðvikudaginn 15. ágúst. Einnig er hægt að skrá börn til þátttöku í Laugardagshöll föstudaginn 17. ágúst kl. 10.00—19.00.

Við bjóðum góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki


~HINIR EINU SÖNNU~
STUÐMENN
Með allt á hreinu
TVENNIR TÓNLEIKAR STUÐMANNA Í HÖRPU SELDUST UPP Á NOKKRUM KLUKKUSTUNDUM ..!
AUKATÓNLEIKAR
LAUGARDAGINN 5. OKT.
